



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2023

Agnes Stefánsdóttir (ritstj.)

2024

Ritstjórn
Agnes Stefánsdóttir

Ljósmyndir
Sjá myndaskrá aftast

Ljósmynd á forsíðu
Vindás í Rangárþingi. Uppgraftarsvæðið við lok rannsóknar. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© 2024
Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN
978-9935-9766-2-8

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Reykjavík og nágrenni	5
2.1	Fornar rætur Árbæjar.....	5
2.2	Leikskólinn Sæborg - Reykjavík	7
2.3	Vatnsendahvarf í Kópavogi.....	9
2.4	Skólabrú Reykjavík. Framkvæmdaefirlit	11
2.5	Hrannarstígur / Öldugata Reykjavík.....	13
2.6	Könnunarskurður við Úlfarsfell.....	14
2.7	Rannsókn á tóft vegna breikkunar Suðurlandsveggar milli Bæjarháls og Hólmsár	16
2.8	Ártún Kjalarnesi	18
3.	Vesturland	19
3.1	Arnarstapi og Búðir. Neðansjávarannsókn	19
3.2	Ólafsdalur	21
3.3	Könnunarskurðir í tóftir á Húsatanga - Þingvöllum í Helgafellssveit.....	23
4.	Vestfirðir	25
4.1	Skjaldfönn undir skriðu	25
4.2	Akurvík á Reykjanesi, Árneshreppur	27
4.3	Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum	29
4.4	Landnám og nýting sjávarauðlinda á Ströndum	31
4.5	Sólbakki Önundarfirði. Snjóflóðavarnir á Flateyri	33
4.6	Borkjarnarannsókn, Hrafseyri, Auðkúla, Dynjandi og Tjaldanes.....	34
4.7	Búðavík við Dynjandisvog í Arnarfirði	36
5.	Norðurland vestra	38
5.1	Þingeyrar í Húnaþingi.....	38
5.2	Verbúðalíf á Höfnum.....	39
5.3	FLASH – Fornbýli Landscape & Archaeological Survey on Hegranes	41
5.4	Fornleifarannsóknir í Hjaltadal/Hjaltadalur Archaeological Settlement Project	43
5.5	Framkvæmdarannsókn vegna strenglagnar RARIK í Svínadal.....	45
5.6	Rannsókn á kirkjugrunni Silfrastaðakirkju vegna framkvæmda við grunn kirkjunnar	47
5.7	Könnun á búsetu í "efri" Glaumbæ.....	49
6.	Norðurland eystra	51
6.1	Tvídæla/Two Valleys Project - Staðartunga.....	51
6.2	Saga byggðar í Hrísey	53
6.3	Moldhaugnaháls í Eyjafirði.....	55
7.	Austurland	57

7.1	Nautafjós í Nauthúsabotnum	57
7.2	Framkvæmdareftirlit og skoðun minja á lagnaleið HEF frá Eyvindará að Eiðum, Múlaþingi.....	59
7.3	Fjörður, Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir	61
7.4	Fjörður Seyðisfjörður viðbót v/snjóflóðavarna	63
7.5	Arnórsstaðir Jökuldal vegagerð.....	65
7.6	Stöð í Stöðvarfirði.....	66
7.7	Böðvarsdalur í Vopnafirði.....	67
7.8	Breiðavík á Víknaslóðum	68
8.	Suðurland	69
8.1	Oddi á Rangárvöllum, Oddarannsóknin	69
8.2	Skálholt	71
8.3	Vesturbúðarhóll.....	73
8.4	Arfabót	75
8.5	Borkjarnar á Vestri Loftstöðum	76
8.6	Nytjar og vinnsla á Bergstöðum í Þjórsárdal.....	78
8.7	Þing í Skaftafellssýslu.....	80
8.8	Kirkjubæjarklaustur	82
8.9	Keldur.....	83
8.10	Vindás í Rangáþingi.....	85
8.11	Hvolsvöllur að Rimakoti. Könnunarskurðir vegna byggingaframkvæmda og jarðstrengs.	87
8.12	Miðgerði í Vestmannaeyjum.....	88
8.13	Þingvallavatn. Neðansjávarannsókn.....	89
8.14	Fornir garðar á Suðurlandi	91
9.	Reykjanes.....	93
9.1	Upphaf og lok seljabúskapar á Íslandi á árunum 800-1800	93
9.2	Könnunarskurðir vegna stækkunar Njarðvíkurkirkjugarðs.....	95
9.3	Framkvæmdir við Njarðvíkurkirkju	97
10.	Rannsóknir Minjastofnunar Íslands	99
10.1	Stöng í Þjórsárdal	99
11.	Myndaskrá	101


1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim. Í 11. lið 4. gr. reglna nr. 621/2019 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:

Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar Íslands eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.

Árið 2023 voru veitt leyfi til 56 fornleifarannsókna. Vísindarannsóknir voru 30, rannsóknir vegna framkvæmda voru 23, björgunarrannsóknir voru 1 og 2 leyfi voru vegna eftirlits með framkvæmdum. Tvær rannsóknir fóru ekki fram og voru fornleifarannsóknir með jarðraski því alls 54.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og farið réttsælis kringum landið og endað á Reykjanesi. Í kaflanum „Rannsóknir Minjastofnunar Íslands“ er gerð grein fyrir könnunarrannsóknum Minjastofnunar á árinu.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2023.

2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði AC sem sýnir meint eldhús (nr. 22) lengst til vinstri og byggingu nr. 25 lengst til hægri. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

2.1 Fornar rætur Árbæjar

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands/Borgarsögusafn Reykjavíkur
Rannsóknarnúmer: 201606-0078	Númer ÞJMS: 2023-13
Staðsetning: A 362653 N 404777	Póstnúmer: 110 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 4.5.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 2.6.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Vettvangsrannsókn í Árbæ í Reykjavík stóð yfir dagana 4. maí - 2. júní 2023 og tóku alls fimm fornleifafræðingar þátt ásamt 9 nemendum en vettvangsnámskeið Háskóla Íslands, FOR406, hefur farið fram á Árbæjarsafni á hverju ári frá árinu 2018. Grafið var á tveimur svæðum, líkt og undanfarin ár; á bæjarhólnum (AC) og í öskuhaug (B). Áhersla var lögð á tvær byggingar á bæjarhólnum, annarsvegar nr. 22 og hinsvegar nr. 25. Útveggir hlöðunnar, sem byggð var um 1910 og stóð á svæðinu til ársins 1949, raska báðum byggingunum. Fjarlægð voru nokkur jarðlög sem tilheyrðu byggingu 22 og samanstóðu af góflögum, móösku og torfblönduðum lögum. Út frá einkennum góflaga sem sýna bruna in situ er ljóst að eldstæði/hlökkir hafa verið í byggingunni, staðsett vestar fyrir utan núverandi uppgriftarsvæði og því annaðhvort undir bæjarhúsunum eða undir dreni við austurgafli húsanna. Í góflögum fundust m.a. jarngríp og kritarpípuhaus. Torfveggir í byggingunni eru þrenns konar og má áætla að hún hafi tekið breytingum í gegnum tíðina og veggir lagfærðir, rýmið minnkað og stækkað eftir þörfum. Á þessu stigi máls er talið að byggingin hafi þjónað hlutverki eldhúss fyrir íbúa Árbæjar og var í notkun einhverntímann á tímabilinu 16.-18. öld. Bygginguna á þó eftir að fullgrafa og því ekki öll kurl komin til grafar um aldur hennar og hlutverk.

Bygging 25 lá undir gjósku úr Kötlu 1500 að hluta til, austanmegin. Hluti hennar gengur undir uppistandandi bæjarhús á bæjarhólnum til suðurs. Mikið og þétt torfhrun var fjarlæggt innan úr byggingunni auk móöskulaga sem virðast frekar hafa verið hent inn í bygginguna frekar en að um gólflög sé að ræða. Í móöskunni fannst lítil skaft kola í tveimur bútum úr ljósgrænum steini, sennilega úr "Esjubergi". Í torfhruninu fannst afdella (botngjall) úr smiðjuafli. Ekki er hægt að segja til um hlutverk byggingarinnar að svo stöddu því eiginlegt gólf hennar hefur ekki komið í ljós. Vonandi skýrist þetta á næsta uppgrftar misseri.

Í öskuhaugnum var lögð áhersla á austurhluta hans, beint norðan við smiðjuna. Þar kom í ljós niðurgröftur með grjóti í SA horni uppgraftarsvæðisins. Í fyllingunni fundust glerbrot og viðarskaft með málmkúlu á enda, mögulega skeið. Sennilega er um að ræða leifar af mannvirki sem var staðsett þar sem smiðjan var byggð um 1960 á safnasvæðinu og er frá ca. 19. öld. Auk þessa voru móöskulög og torfblönduð lög fjarlægð og sigtuð úr öskuhaugnum. Helstu gripir sem fundust í haugnum eru frá 18.-20.öld; postulín, glerbrot, leirker, krítarpípur, hnífar, naglar og dýrabein.

English Summary

Open excavation was carried out at Árbær farm mound in Reykjavík May 4th - June 2nd 2023. The farm mound is located within the Árbær Open-Air Museum. Five archaeologists and 9 students took part in the fieldwork. The field course in archaeology (FOR406) of the University of Iceland has been an annual event at Árbær since 2018. Excavation continued in the same areas as past years; area AC (east of the Árbær farmhouse) and area B (next to the smithy in the museum area) where the midden is situated.

Emphasis was placed on two buildings in area AC this year, building no. 22 and 25. These buildings have both been truncated by a later building in the area, a barn from the 20th century. Several deposits belonging to building 22 were removed, consisting of floor layers, peat-ash and turf-debris. The floor deposits indicate that a fireplace was present in the building, located to the west, outside the current excavation area, either under current farmhouses or under their drainage. The floor deposits included iron artifacts and a claypipe. There are three types of turf walls in the building, an indication that it has been changed over time, walls have been repaired and the space reduced and enlarged as needed. The building is thought to have served the inhabitants of Árbær as a kitchen sometime between 16th-18th century. However, it has not been fully excavated so this interpretation might change.

The east part of building no. 25 is located below tephra in situ from the 1500 AD (Katla eruption). Its southern part extends in the south profile of the excavation area under Árbær farmhouses. Dense and thick turf-collapse was removed from inside the structure, along with peatash deposits. No "proper" floor deposits have been found and the peatash looks more like a series of dumps rather than a floor. A small oil lamp was found within the peatash, made of a light-coloured stone, probably originated in the mountain Esja, located close by. Another object of interest, found in the turf-collapse, was a heavy circular shape slag, from an iron working furnace. At this point it is hard to determine the function of this building but hopefully this will be sorted out next excavation season.

Focus was set on the east part of the midden, located north of the smithy in the museum area. A cut with stone foundation was discovered at the SA corner of the excavation area. Within the fill of the cut a wooden handle was found that had a metal ball at one end along with glass fragments. The wooden handle could be part of a spoon. The stone foundation is probably from a late structure from the 19th century that was located where the smithy is now. Other artifacts retrieved from the midden are from 18th-20th century; glass & pottery sherds, iron nails & knives, claypipes & animal bones.



Mynd 3. Grunnur Þormódsstaðabæjarinnis í skurði 9. Horft í norðvestur. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

2.2 Leikskólinn Sæborg - Reykjavík

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202306-0038	Númer ÞJMS: 2023-35
Staðsetning: A 355917 N 406956	Póstnúmer: 107 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 10.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 28.7.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Hjá Reykjavíkurborg eru fyrirhugaðar framkvæmdir við leikskólann Sæborg sem stendur við Starhaga 11. Stefnt er að því að reisa viðbyggingu suðvestan við núverandi leikskólabyggingu, samhliða því að leikskólalóðin verði stækkuð til

suðavesturs að reiðhjólástíg sem þar liggur. Einnig er stefnt að því að endurhanna leikskólalóðina. Leikskólinn stendur á bæjarstæði Þormódsstaða, en elstu heimildir um hann eru frá 19. öld. Í umsögn Minjastofnunar Íslands um verkefnið var farið fram á að um 10% af framkvæmdasvæðinu yrði rannsakað með prufuskurðum. Grafnir voru 19 prufuskurðir um lóðina, og áhersla lögð á þau svæði þar sem viðbyggingin mun standa auk þeirra svæða þar sem þekktar minjar voru skráðar. Í ljós kom að svæðinu hefur mikið verið raskað vegna framkvæmda á 20. öld, og töluvert af nútímauppfyllingu sem tengist landslagsmótun, víðast hvar um 0,5 m, en hátt í 2 m þar sem mest var. Á þeim slóðum þar sem elsti Þormódsstaðabærinn stóð komu í ljós mjög röskuð móösku- og torflög (öll með 19./20. aldar keramiki og gleri), en engin mannvirki.

Innan leikskólalóðarinnar komu leifar af grunni síðasta Þormódsstaðabæjarins í ljós, en hann var steinhlaðinn um aldamótin 1900. Grunnurinn er rétt sunnan við suðurhorn núverandi leikskólabyggingar. Hann var hlaðinn úr tilhöggnu grjóti og steypu. Bærinn var rifinn á sjöunda áratug síðustu aldar, og þegar það var gert hefur grunnurinn verið fylltur með grús og rusli (t.d. reiðhjól, dekk, oliubrúsar).

English Summary

The City of Reykjavík has plans to build an extension the kindergarten Sæborg (Starhagi 11). The new building is due to be built southwest of the current kindergarten, with the extension of the ground to the southwest to run alongside a cycle path which runs there. The kindergarten stands on the former farm-site of Þormódsstaðir. The earliest records of this farm date to the 19th century. The Cultural Heritage Agency of Iceland deemed that a preliminary archaeological excavation needed to be carried out at the site, with test trenching of up to 10% of the site. A total of 19 trenches were excavated, with an emphasis placed on the area of the proposed new building, as well as those where archaeological survey indicated possible archaeology. The investigation indicated that the area had been heavily disturbed by development work in the 20th century, as well as a large amount of soils and gravel having been placed at the site to landscape it, in most places around 0.5m, but up to 2m where it was the deepest. In the area where the survey indicated that the earliest turf built Þormódsstaðir farm may have stood, only heavily turbated peat-ash and turf deposits were recovered, containing 19th-20th century ceramics and glass, but no structural remains.

Inside the current kindergarten grounds the stone-foundations of the last Þormódsstaðir farm building, built around 1900, were revealed, immediately south of the southern corner of the current buildings at the site. The farmhouse was built of cut stone and concrete. The farm was torn down in the 1960's, and when this was done its foundations were filled with gravel and garbage (for example a bicycle, car tyre, oilcans).



Mynd 4. Vatnsendahvarf í Kópavogi. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.

2.3 Vatnsendahvarf í Kópavogi

Leyfishafi: Sólveig G. Beck	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202308-0167	Númer ÞJMS: 2023-68
Staðsetning: A 362706 N 401820	Póstnúmer: 203 Kópavogur
Vettvangsrannsókn hófst: 8.9.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 14.9.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið vettvangsrannsóknar var að kanna eðli og aldur þriggja minjastaða innan 29 ha skipulagssvæðis í Vatnsendahvarfi í Kópavogi. Innan þessa svæðis er ráðgert að reisa nýtt íbúðarhverfi, sem og þjónustu- og útivistarsvæði í tengslum við það. Í umsögn Minjastofnunar Íslands (frá 26. júní 2023) var gerð krafa um að rannsaka nánar aldur, umfang og eðli þriggja minja á svæðinu sem áður voru skráðar af Bjarna F. Einarssyni árið 2022. Skurður skyldi tekinn í eitt garðlag af fjórum (nr. 95-96) nyrst á svæðinu, fast austan við steinsteypt hús sem hýsir starfsemi Milu, sem og hringlaga tóft (nr. 93). Að auki skyldi taka borkjarnasýni í 1 m djúpri, kassalaga dæld eða niðurgreftir (nr. 97), í brekkunni á austanverðu svæðinu ofan við Álfkonuhvarf.

Rannsóknir leiddu í ljós að garðlag 95b var hlaðið úr jarðvegi og torfi, nokkuð hroðvirknislega, en hlutverk þess er óljóst. Tóft 93 var einnig hlaðin úr torfi og mátti greina 3-5 umför strengs í veggjum hennar. Engar eldri minjar voru undir mannvirkjunum. Í báðum skurðum komu í ljós tvö gjóskulög sem Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi. Sú yngri var Katla 1500 en sú eldri Miðaldalagið frá byrjun 13. aldar. Bæði garðlag og tóft eru ofan við K-1500. Í tilfelli garðsins 95b voru greinilegar leifar K-1500 í torfinu og er hann hlaðinn nokkuð löngu eftir að K-1500 gjóskan fellur. Mjög líklegt er að garðlagið tengist starfsemi Ríkisútvarpsins á svæðinu á 20. öld, enda sést það mjög greinilega á gömlum loftmyndum Landmælinga Íslands frá árinu 1954. Tóft 93 virðist hins vegar sitja svo til beint ofan á K-1500 sem gæti gefið til kynna að um nokkuð

gamla tóft sé að ræða. Þó er ekki útilokað að torf og jarðvegur ofan á K-1500 hafi verið skorin í burtu við gerð tóftarinnar, og er nákvæmur aldur hennar því óviss. Engin mannvistarlög fundust innan í tóftinni og eru þau líklega horfin í grasrót eða vegna rofs á svæðinu. Hlutverk hennar er óþekkt en staðsetning og hringlaga form hennar gæti gefið vísbendingu um að hér sé um litla fjárborg að ræða. Við borkjarnarannsókn í kassalaga dæld nr. 97 fundust engin greinileg gjóskulög, líklega vegna landrofs svo ofarlega á Vatnsendahæð. Engin mannvistarlög fundust í botni eða inngangi dældarinnar og engir torfveggir eða upphleðslur komu heldur í ljós. Ofarlega í borkjarna úr miðju dældar fundust leifar af ryðguðum járnflögum sem hugsanlega gætu verið leifar af bárujárnsþaki. Í þessari dæld hefur hugsanlega verið kartöflugeymsla, eða einhvers konar skjól eða aðhald á stríðsárunum, en mannvirkið er mjög líklega frá 20. öld. Aðeins tóft 93 gæti því hugsanlega talist eiginleg fornleif, en nákvæmur aldur er óviss.

English Summary

The aim of this research project was to try and shed light on the possible dating and function of three archaeological structures in Vatnsendahvarf in Kópavogur, surveyed by Bjarni F. Einarsson in 2022. Single test trenches were taken into turf wall (no. 95b) and a small circular structure (no. 93), and a single depression (no. 97) was cored to detect possible human habitation. Two tephra layers were detected in the area, Katla 1500 and ML ~1226, identified by geologist Magnús Á. Sigurgeirsson, ÍSOR. Turf wall 95b was coarsely built and likely from the early 20th century. Its purpose is unclear but is likely connected to the presence of the Icelandic Broadcasting Network on Vatnsendahæð since the 1920s. Depression 97 revealed no indication of human occupation besides a few fragments of rusted corrugated iron. No clear indications of tephra layers are clearly associated with the depression, that is most likely to be an old, down-dug potato storage or remnants from WWII. The turf walls of structure 93 sit almost directly on top of the K-1500 tephra but there are no clear indications of floor formations within it. This structure is most likely to be a sheep shelter, but its exact age is unclear. Neither the turf wall nor the structures had any earlier remains below the surface structures.



Mynd 5. Lagnaskurðurinn í Skólabrú. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

2.4 Skólabrú Reykjavík. Framkvæmdaefirlit

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202304-0025	Númer ÞJMS: 2023-13
Staðsetning: A 357018 N 4088161	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 2.5.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 24.5.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Vegna endurnýjunar lagna fyrir framan lóðir Lækjargötu 10 og Skólabrú 2 fór Minjastofnun Íslands fram á framkvæmdaefirlit. Við þá vinnu komu í ljós blönduð mannvistarlög frá 19. og 20. öld auk eldri minja sem tengjast búsetu við Lækinn á 10. öld. Þrátt fyrir að minjarnar hafi verið raskaðar má ætla að þessar elstu minjar hafi verið hluti af skálabyggingu sem rannsakaður var árið 2015. Um

er að ræða veggjabrot sem tilheyrði eystri langvegg auk stoðarhola og gólflaga. Þar með er hægt að segja með nokkru öryggi að skálinn hafi allavega verið um 30 m á lengd ef ekki lengri. Að auki fundust ruslalög um 10 m austar, líklegast við lækjarbakka Læksins. Þar hefur verið tiltölulega blautt í gegnum tíðina sem leiddi til þess að lífræn varðveisla var afar góð. Sýnir rannsókn sem þessi fram á hversu mikilvægt framkvæmdaefirlit er í miðbæ Reykjavíkur því hver einasti skurður getur aukið skilning okkar á búsetuþróun í Reykjavík.

English Summary

Due to the renewal of pipes and cables in front of Lækjargata 10 and Skólabrú 2 in downtown Reykjavík, a watching brief was conducted. This revealed disturbed deposits dating to the 19th and 20th centuries, as well as deposits dating to the 10th century. The older remains were part of a Viking Age longhouse excavated in 2015. Part of the eastern wall was recorded along with floor layers and postholes. Around 10 m east of the longhouse were midden deposits with extremely good organic preservation. The area was most likely close to the old riverbed and relatively wet throughout. The study shows how important watching briefs is in the centre of Reykjavík. Even though the area investigated is not large, it can add invaluable information about the history of Reykjavík.



Mynd 6. Horft yfir uppgröftinn. Ljósmynd: Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir.

2.5 Hrannarstígur / Öldugata Reykjavík

Leyfishafi: Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202309-0134	Númer ÞJMS: 2023-74
Staðsetning: A 64.149.072 N 21.949.550	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 5.10.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 13.10.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Minjastofnun óskaði eftir eftirlit með framkvæmdum á gatnamótum Hrannarstígs og Öldugötu. Á herforingjaráðskorti sást teikning af tveimur útihúsum á svæðinu en búið er að jarðvegsskipta niður á klöpp á svæðinu svo engar fornleifar var að sjá á svæðinu.

English Summary

The Cultural Heritage Agency requested supervision of construction works at the intersection of Hrannarstíg and Öldugata. A drawing of two outhouses in the area was seen on the military commander's council map, but the soil has been replaced completely with landfill material in the area, so no archaeological material was at the site.



Mynd 7. Hleðsla í norðurenda könnunarskurðar 1. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson.

2.6 Könnunarskurður við Úlfarsfell

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf
Rannsóknarnúmer: 202307-0116	Númer ÞJMS: 2023-57
Staðsetning: A 366665 N 408562	Póstnúmer: 113 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 31.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 3.8.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Úlfarsfell var grafinn könnunarskurður. Til stóð að fara í framkvæmdir við bæjarhúsin. Byggja átti nýjan kjallara, kjallaratröppur og útskot til suðurs frá núverandi húsi. Í vettvangsferð starfsmanna Minjastofnunar Íslands í maí 2023 varð ljóst að bærinn er byggður inn í bæjarhól. Að kröfu Minjastofnunar þurfti því að fara fram fornleifarannsókn á staðnum áður en framkvæmdir hæfust. Kanna átti ástand þeirra minja sem kynnu að leynast undir sverði og hvort eldri mannvistarleifar væru þar undir. Grafinn var 9x1 m stór könnunarskurður. Helstu niðurstöður eru að í suðurhluta

skurðarins var að finna mannvirki sem líklega er frá miðöldum. Grafið var niður á torfveggi og mannvistarlög í suðurenda skurðarins. Í blönduðu lagi undir mannvirkinu var að finna gjósku frá 1226 en engir gripir fundust. Líklega er um eitt mannvirki að ræða en ekki er ljóst hvaða hlutverk það hafði.

Í norðurenda könnunarskurðarins var grafin fram hleðsla sem sást að hluta á yfirborði fyrir uppgröft. Um er að ræða tilhöggna steinhleðslu sem er um 7 m að lengd og 1 m að hæð. Einnig kom í ljós önnur hleðsla sem hafði örlítið aðra stefnu en hin hleðslan. Þessar hleðslur eru mun yngri en það sem fannst í suðurenda könnunarskurðarins, líklega frá 19. öld.

English Summary

In relation to construction work planned at Úlfarsfell in Reykjavík a test trench, 9x1 m in size, was dug at the site.

In the south end of the trench a structure or house that probably dates from the 13th-15th century was found. Turf walls and other cultural layers were recorded. It is not clear what kind of house or structure this is; no artifacts were found inside it.

Other wall features were found in the north end of the test trench. A wall built of stones, also visible from the surface, and another wall made of stone and turf. These features are younger than the one in the south end of the test trench, probably from the 19th century.



Mynd 8. Staðsetningarkort sem sýnir afstöðu fornleifa innan rannsóknarsvæðis. Breytt loftmynd: Loftmyndir ehf / Stefán Ólafsson.

2.7 Rannsókn á tóft vegna breikkunar Suðurlandsvegur milli Bæjarháls og Hólmsár

Leyfishafi: Stefán Ólafsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202310-0104	Númer ÞJMS: 2023-78
Staðsetning: A364633 N403519	Póstnúmer: 110 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 1.11.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 1.11.2023
Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn	Aðferð: Könnunarskurðir



Fyrirhugað er að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum við Bæjarháls að Hólmsá ofan Reykjavíkur og munu þær framkvæmdir hafa mismikil áhrif á þær fornleifar sem eru í nágrenni núverandi vegar. Sem mótvægisáðgerðir við þessar framkvæmdir fór Minjastofnun Íslands fram á að grafinn yrði könnunarskurður í tóft 260-160 í landi Grafar (sjá: Anna lisa Guðmundsdóttir (2010). *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Minjasafn Reykjavíkur, bls. 19: Gröf 181179 260 - 160).

Tóft 260-160 er austan Suðurlandsvegur við vesturströnd Rauðavatns, á litlu nesi sunnan Sandvíkur, milli reiðvegur og göngustígs. Samkvæmt kröfu Minjastofnunar átti skurðurinn að ná frá miðri tóft og út í gegnum vegg til að athuga með byggingarlag og aldur hennar.

Grafinn var tæplega 5 m langur skurður sem var um 1 m á breidd í gegnum austurvegg tóftarinnar. Vegghleðslan reyndist torfhlaðin en sennilega nokkuð ung. Í norðursniði sáust gjóskuslitur sem sýni var tekið úr og hefur það verið sent til greiningar. Ekkert sást í sniði skurðarins sem gæti gefið skýra vísbendingu um hlutverk tóftar en líklegast verður að teljast að um heystæði sé að ræða. Þá túlkun yrði þó að styðja betur með því að skoða betur hvernig umhverfi tóftarinnar hefur breyst, hvort engi hafi verið þar nærri.

English Summary

Several archaeological sites are likely to be disturbed due to the planned widening of Suðurlandsvegur from Bæjarháls to Hólmsá. Minjastofnun Íslands therefore ordered that a ruin 260-160 in Grafar's land (see: Anna Lís Guðmundsdóttir (2010). *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Minjasafn Reykjavíkur, bls. 19: Gröf 181179 260 - 160) should be investigated with a test trench. The ruin 260-160 is east of Suðurlandsvegur on the west shore of Rauðavatn, on a small ness south of Sandvík, between a riding path and a foot path. According to the Minjastofnun's requirement, the test trench should extend from the middle of the ruin and through the wall in order to find out how the structure was made and from which time period it was.

A 5x1m long trench was excavated through the east wall of the ruin. The wall was made of turf but probably quite young. In the northern profile a streak of tephra was seen, from which a sample was taken and sent for analysis. Nothing can be said with certainty about the function of the ruin, but it is most likely a haystack. However, that interpretation would have to be better supported by taking a closer look at how the ruins environment has changed, whether there were any fields nearby.



Mynd 9. Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu við Ártún Kjalarnesi. Ljósmynd: Stefán Hjalti Garðarsson.

2.8 Ártún Kjalarnesi

Leyfishafi: Vala Garðarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: VG fornleifarannsóknir
Rannsóknarnúmer: 202009-0089	Númer ÞJMS: 2023-58
Staðsetning: A 362701 N 421662	Póstnúmer: 116 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 7.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 20.10.2023
Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn	Aðferð: Uppgröftur



Ljóst er að mannvist í við og bæjarstæði Ártúns á sér langa sögu. Ritáðar heimildir geta Ártúns allt aftur til 1500. Mannvist á svæðinu er greinileg fyrir þann tíma, en ekkert er hægt að segja hvers eðlis né hversu umfangsmikil hún var sökum bæði framkvæmda í nútíma og eins eru mannvistarlög rýr.

Svæðið var raskað og var óvenju rýrt af minjum miðað við nálægð við bæjarstæðið, en augljós merki um mannvist í þó sterillum jarðvegi sem voru við LNL in situ og allt til okkar dags - birtist það þá í kolaskellum, örkolum og móóskuskellum. Mannvist frá elstu tíð er því nálægt en ekki innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Augljósasta skýringin á þessum skorti er þó sú að ummerki eldri mannvistar sé að mestu norðan við og undir núverandi bæjarstæði og sunnan og vestan við bæinn hafi að mestu verið engi og minni verkstæði.

English Summary

The result of the excavation is that in the close vicinity of the construction area is obvious cultural activity from the 10th century until present time. However, there is only fragile indications seen in otherwise sterile layers mainly bits of charcoal, microcharcoal and peatash reflecting a household in close by. The farmstead that is known from the written sources is still standing (under turf) and relatively intact, giving so, the obvious conclusion is that older remains are under the farmstead, under the modern highway or removed when the older highway was laid.

3. Vesturland



Mynd 10. Marine archaeologist Dr. Kevin Martin carrying out a diving inspection of side-scan targets at Arnarstapi (KM 2023). Ljósmynd: K. Martin.

3.1 Arnarstapi og Búðir. Neðansjávarrannsókn

Leyfishafi: Kevin Martin	Fyrirtæki/stofnun: Sjálfstætt starfandi
Rannsóknarnúmer: 202303-0133	Númer ÞJMS: 2023-10
Staðsetning: A 280351 N 482896	Póstnúmer: 356 Snæfellsbær
Vettvangsrannsókn hófst: 27.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 6.9.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: fjarkönnun



Arnarstapi

Neðansjávarfornleifafræðingarnir Dr Kevin Martin, Jens Lindstöm, Nordic Maritime Group (NMG) og Dr Philipp Grassel (German Maritime Museum) framkvæmdu nokkrar neðansjávar-fornleifa-könnunar-kafanir á nokkrum stöðum sem höfðu fundist í hljóðsjarkönnun (e. sonar targets) í fjarkönnun við strandlengju Arnarstapa í ágúst 2023. Verkefnið var framkvæmt með styrk frá Fornminjasjóði 2023 með rannsóknarnúmer 202303-01331. Merktu svæðin (e. Targets) voru tilgreind með fjarkönnun (side scan sonar) sem ekki raskar eða hefur áhrif á rannsóknarsvæðið, sem höfundur og Jens Lindstöm framkvæmdu í september 2022 (nr. 2871), (Martin & Lindström 2022). Markmiðið með fjarkönnuninni var að finna möguleg fornleifaeinkenni eða fornminjar sem tengjast notkun hafnarinnar fyrr á öldum og þá serstaklega minjar sem tengjast einokunartímanum 1602-1787. Athuginin var framkvæmd til að staðfesta og sannreyna þessa aðferðafræði við könnun á fornleifum neðansjávar og þá til að þróa hana frekar til nýtingar í framtíðinni við könnun á mögulegum fornleifum neðanvatns á Íslandi. Fjarkönnunin var framkvæmd úr uppblásnum Zodiak bát sem dró á eftir sér sónarskanna yfir þvert yfir fyrrfram ákveðið svæði í sniði við strandlínuna. Svæði upp 2,5 km² var kannað á 2-40m dýpt. Alls voru 13 mögulegar fornleifar greindar en aðeins einn reyndist vera slíkur.

Grundarfjörður

Yfir fimm daga tímabil, í lok ágúst og byrjun september 2023, framkvæmdu neðansjávarfornleifafræðingarnir Dr. Kevin Martin, Jens Lindström (Nordic

Maritime Group) og Dr. Philipp Grassel (German Maritime Museum) óraskandi hliðarsónarskönnun. Rannsóknarnúmer vegna verkefnisins er 3169. Side-scan sonar survey í Grundarfirði ásamt nokkrum sérvöldum neðansjár konnunarköfunum. Markmið verkefnisins var að greina mögulegar fornleifar neðansjár og mögulegan menningarsögulegan arf í tengingu við sögu svæðisins sem viðskiptahöfn á tímum dönsku einokunarverslunarinnar 1602-1787. Hliðarsónarskönnunin var framkvæmd yfir þrjú daga úr uppblásnum zodiac gúmmibát sem dró á eftir sér skannann eftir ákveðnum leiðum sem eru samsíða strandlengjunni. Alls var um 4.6 km² svæði skannað á 3-30 m dýpi. Alls fundust 61 einkenni e. submerged sonar targets þar af voru 13 skoðuð nánar með rannsóknarköfun. Aðeins eitt einkenni M230829_26 reyndist hafa menningarsögulegt gildi. Neðansjárforaleifarannsóknin var framkvæmd yfir tveggja daga tímabil, að mestu leiti í þurrum aðstæðum en vindasömum.

English Summary

Arnarstapi

During a 3-day period in late August 2023, marine archaeologists Dr Kevin Martin, Jens Lindström Nordic Maritime Group (NMG) and Dr Philipp Grassel (German Maritime Museum) carried out a series of underwater archaeological inspection dives on a group of previously identified sonar targets around the coastline of Arnarstapi. The project was funded by a research grant from the Forminjasjóður 2023 fund under the research permit number 202303-01331. The targets were previously identified from a non-invasive remote sensing side-scan sonar survey carried out by the author and Jens Lindström in September 2022 (nr. 2871), (Martin & Lindström 2022). The aim of the sonar survey was to identify potential underwater archaeological features and cultural deposits connected with the historic use of the port as a trade centre particularly during the Danish Trade Monopoly Period 1602-1787. The survey was conducted as a proof-of-concept exercise in order to develop a viable survey methodology for further maritime archaeological research in Iceland. The side-scan survey was conducted from an inflatable zodiac boat towing a sonar fish behind along overlapping transects parallel with the coastline. An area of approximately 2.5sqkm was surveyed with a depth range of 2-40m. In total 13 potential underwater archaeological targets were identified and only one target proved to be of cultural significance.

Grundarfjörður


During a 5-day period in late August, early September 2023, marine archaeologists Dr Kevin Martin, Jens Lindström Nordic Maritime Group (NMG) and Dr Philipp Grassel (German Maritime Museum) carried out a non-invasive side-scan sonar survey within Grundarfjörður bay followed up by a series of underwater archaeological inspection dives on selected sonar targets. The survey number for the project is 3169. The aim of the project was to identify potential underwater archaeological features and any cultural heritage deposits connected with the historic use of the bay as a trade port during the Danish Trade Monopoly Period 1602-1787. The side-scan survey was conducted over 3-days from an inflatable zodiac boat towing a sonar fish behind along overlapping transects parallel with the coastline. A total area of approximately 4.6km² was side-scan sonar surveyed with a depth range recorded of 3-30m. A total of 61 submerged sonar targets were initially identified and 13 of these were further examined by archaeological dive inspections. Only one inspected target M230829_26 proved to be of cultural significance. Archaeological inspection diving was carried out over 2-days from an inflatable zodiac during mostly dry but windy weather.



Mynd 11. Rannsóknarsvæðið við lok vettvangsrannsókna sumarið 2023. Horft í suðaustur.
Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

3.2 Ólafsdalur

Leyfishafi: Hildur Gestsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 201709-0076	Númer ÞJMS: 2023-55
Staðsetning: A 372736 N 548580	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 18.8.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Sumarið 2023 var sjötta ár rannsókna á víkingaaldarbæjarstæðinu í Ólafsdal. Sumarið 2022 hófust rannsóknir á minna mannvirki (5x15m) sem byggt hafði verið upp við vesturvegg skálans. Uppgröfturinn á skálanum sjálfum hafði leitt í ljós að hann hafði verið nýttur sem íveruhús einungis í skamman tíma, en orðið svo að vinnslusvæði/geymslu, mögulega árstíðarbundin. Vonast var til að rannsókn á viðbyggingunni myndi hjálpa við að skilja nýtinguna á skálanum, og að hugsanlega hafi verið reist annað íveruhús á þessu svæði. Rannsóknin 2022 leiddi í ljós kom að mannvirki vestan við skálann voru mun flóknari en forrannsóknin benti til, og á töluvert stærra svæði. Rannsóknarsvæðið 2023 var því stækkað til vesturs, sem leiddi í ljós að vesturlangveggur sem grafinn var fram sumarið 2022 var seinni tíma viðbót og undir honum var eldri, illa farinn veggur. Ekki komu nein gólf sem bentu til þess að um íveruhús væri að ræða, en steinkistur og mögulegar leirfylltar gryfjur benda til þess að líklega sé um skepnuhús/iðnaðarsvæði að ræða. Hledslur og önnur mannvirki ná lengra í suður og vestur en núverandi rannsóknarsvæði sem sýnir að athafnasvæðið var töluvert stærra en gert var ráð fyrir.

English Summary

The summer of 2023 was the sixth year of archaeological excavations of the Viking Age settlement at Ólafsdalur. The summer of 2022 saw the start of the

excavation of a smaller (5x15m) structure which had been built up against the western wall of the longhouse. The excavations of the longhouse itself had indicated that its use had been unusual. It appears to have only have been used for occupation during the earliest phase, after which its function appears to have been as some sort of work area/storage, possibly seasonal. It was hoped that an investigation of the adjacent structure would aid in the interpretation of the long house, that a secondary dwelling had possibly be erected in that area. The results of the 2022 investigation indicated that the structural remains west of the long house are more complex than the preliminary analysis indicated, and extended beyond the limit of the excavation area. Therefore the excavation area was extended to the west, which revealed that the western long wall uncovered in 2022 was a later addition, sealing an earlier damaged western wall. No floors which indicated that the structure was a dwelling were revealed, but the presence of stone cists and possible clay lined pits similar to those excavated within the later phases of the longhouse may suggest that this structure had some sort of industrial function. Further structures and other features were exposed which extend south and west of the current excavation area indicates that the occupation area is even larger than originally assumed.



Mynd 12. Könnunarskurður 2 í tóft 1780-3356. Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson.

3.3 Könnunarskurðir í tóftir á Húsatanga - Þingvöllum í Helgafellssveit

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson	Fyrirtæki/stofnun:
Rannsóknarnúmer: 202308-0137	Númer ÞJMS: 2023-66
Staðsetning: A 326118 N 512166	Póstnúmer: 341 Stykkishólmur
Vettvangsrannsókn hófst: 4.9.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 5.9.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: Könnunarskurðir



Landeigandi á Þingvöllum í Helgafellssveit óskaði eftir því við Minjastofnun Íslands að fá að endurgera tvær tóftir. Minjastofnun fór fram á að áður en farið væri í þær framkvæmdir væri fenginn fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurði í tóftirnar til þess að athuga umfang minjanna og hvort eldri minjar leyndust undir.

Grafirnir voru tveir skurðir, einn í sín hvora tóftina. Grafið var frá miðju mannvirkjanna og út fyrir vegg þeirra.

Tóft 1780-3264 er hlaðin úr torfi og grjóti, með bárujárnsþaki og trégólfi. Húsið hefur sennilega verið byggt seint á 19. öld og var notað fram á miðja 20. öldina. Líklegast er um fjárhús að ræða. Engar eldri byggingar fundust undir tóftinni en þar var þó eldra mannvistarlag sem lá undir veggnum og náði út fyrir fjárhúsið. Í þessu mannvistarlagi, undir, í og utan veggjarins, fundust þrjú hvítleikersbrot. Lagið lá ofan á örlitilli gjósku og var hún tekin sem sýni en greining liggur ekki fyrir enn þá.

Tóft 1780-3356 var hlaðin úr grjóti og neðst í veggnum var torf sem líklega er grunnur hans en gæti þó verið frá eldri fasa byggingarinnar. Sennilega hefur þetta verið hjallur eða byrgi. Hvorki fundust eldri byggingar né mannvistarlög undir þessari tóft. Mikið grjóthrun var inni í henni og fannst einn gripur úr rauðleir í því. Undir grjóthruninu var aðeins eitt gólf.

English Summary

Landowners at Þingvellir in Helgafellssveit are planning to reconstruct two ruins on their property. To get permission to do so, an archaeological excavation had to be conducted first.

Two test trenches were dug, one in each ruin. The trenches were dug through the walls of the structures.

The walls in ruin 1780-3264 are built of turf and stones. The roof was made of corrugated metal and the floor of wood. This structure was most likely built late in the 19th century and used until the middle of the 20th century. It was probably a sheephouse. No older buildings were found beneath the ruin, but there was an older cultural layer lying under the wall, both inside and outside the sheephouse. Three fragments of white clay pottery were found in this cultural layer, under, in and outside the wall.

Ruin 1780-3356 was built of stones and there was turf at the bottom of the wall, which was probably the base of the structure, although it is also possible that it belonged to an older phase of it. This was probably a small storehouse for fish. Neither older buildings or cultural layers were found beneath this ruin. There was one floor layer inside it and on top of it were a lot of collapsed stones with one artifact of red clay.

4. Vestfirðir



Mynd 13. Horft yfir uppgriftarsvæði Skjaldfannar sumarið 2023. Ljósmynd: James McGovern.

4.1 Skjaldfönn undir skriðu

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202305-0089	Númer ÞJMS: 2023-257
Staðsetning: A 308763, N 594327	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 4.8.2023
Tegund rannsókna: Vísindarannsókn	Aðferð: Uppgröftur



Fornbýlið Skjalfönn (Stundum kallað Skjalfannarkot) er staðsett neðan Skjalfannargils í botni Borgarfjarðar í Arnarfirði. Býlið fór í eyði eftir 1551 þegar skriða féll úr Skjalfannargili og styðja heimildir við það. Skjaldfannarbýlið er í stöðugri ógn af eyðileggingu vegna umhverfisáhrifa. Enn í dag kemur aur og vatn niður úr Skjalfannargili og fellur beggja vegna við rústina þar sem skriðurnar hafa fallið.

Þrjú prufuskurðir voru opnaðir sumarið 2023. Einn þvert yfir bæjarhúsið, annar í hólfi eða hús norðaustan við bæjarhúsið og þriðji í eitt af hólfum bæjarhússins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna umfang og eðli þeirra bygginga sem liggja undir sverði til að fá sem heildstæða mynd af byggingum sem voru þar og til að bjarga sem mestum upplýsingum um svæðið áður en náttúran tekur yfir.

Í prufuskurði 1 var að sjá bæjarhúsið sjálft þar sem framhlið hússins snýr í suðaustur með hellulögðum inngangi framan við húsið. Þessi hellulögðu göng halda áfram eftir endilöngu húsinu til norðvesturs. Út frá ganginum var að sjá að minnsta kosti þrjú hólfi (A, B og C) sem voru skilin að með torfveggjum sem voru hlaðin með steinum. Ekki er vitað hvert hlutverk á hólfum A og B voru þar sem einungis hluti þeirra var sjáanlegur í prufuskurðinum. Miðað við kolaríku gólflogin og öskulög sem voru að finna í hólfi C er líklegt að þar hafi verið eldhúsið. Ekkert eldstæði eða ofn fannst við uppgröftinn í sumar en líklega finnst það með frekari rannsóknum.

Í profuskurði 2 var að sjá að minnstakosti tvö notkunarkeið. Efst undir yfirborðinu var öskuhaugslag sem lá yfir hrúni úr veggjum og þaki. Þar undir var að sjá gólfög hússins og var ákveðið að geyma þau lög þar til tækifæri næst að grafa þau upp í heild sinni svo að samhengi náist. Ekki er fullvíst að svo stöddu hvort þarna sé hólf á bæjarhúsinu eða hvort um sé að ræða hús sem stendur eitt og sér norðaustan við bæjarhúsið.

Í Profuskurði 3 var að hægt að sjá miðju rýmis sem var staðsett beint til hægri þegar komið var inn í húsið. Þar var að sjá að gólfið hafi verið hellulagt, veggir hlaðnir með torfi og klæddir að innan með hlöðnu grjóti. Erfitt er að segja til um hvert hlutverk hólfins hefur verið út frá gripum sem fundust en mögulega hefur þar verið búr. Rannsóknir á skurðinum eru ekki fullkláraðar og var ákveðið að geyma gólfög til að halda samhengi.

English Summary

The Skjaldfönn farm (sometimes called Skjaldfannarkot) is located below Skjalfannargil at the bottom of Borgarfjörður in Arnarfjörður. The settlement was destroyed sometime after 1551 when a landslide fell from Skjaldfannargil. The Skjaldfönn farm is constantly under threat of destruction due to environmental influences. Even today, gravel and water come down from Skjaldfannargil, affecting both sides of the ruin where the landslides have fallen.

Three test trenches were excavated in the summer of 2023. One across the farmhouse, another in a compartment or house northeast of the farmhouse, and the third in one of the compartments of the farmhouse. The aim of the research was to explore the extent and nature of these structures to get a complete picture of the buildings that are located there and to gather as much information as possible about the area before nature takes its course.

In test trench 1 was the farmhouse itself with the front of the house facing southeast and with a paved entrance at the front. These paved passage continuing along the length of the house to the northwest. From the passage, at least three compartments (A, B, and C) were visible and were separated, separated by turf and stone walls. It is unknown what the function of compartments A and B was, as only parts of them were visible in the trial trench. Judging by the charcoal-rich floor and ash layers found in compartment C, it is likely that it was the kitchen. No fireplace or oven has been discovered yet, but it may be found with further research.

In trial trench 2, at least two phases were visible. Beneath the topsoil was a midden layer covering the collapse from the walls and roof of the house. Under the collapse were charcoal rich floor layers that were left until the opportunity arises to excavate them in their entirety. It is not certain whether this area is a compartment of the farmhouse or if it is a standalone house to the northeast.

In trial trench 3, the centre of the compartment located to the right when entering the house was visible. The floor in the compartment was paved and the walls were made of turf and lined with stones. It was difficult to determine the function of the compartment based alone on the artifacts found, but the compartment may have been used for storage. The excavations of the trench are not complete where it was decided to preserve the floor layers to maintain context..



Mynd 14. Loftmynd af Akurvík ásamt flugvellingnum á Gjögri. Ljósmynd: Morten Ramstad.

4.2 Akurvík á Reykjanesi, Árneshreppur

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202305-0021	Númer ÞJMS: 2023-21
Staðsetning: A394630 N613471	Póstnúmer: 524 Árneshreppur
Vettvangsrannsókn hófst: 15.5.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 25.5.2023
Tegund rannsóknar: Björgunarrannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Árið 1988 hófst fornleifarannsókn á miðalda verstöðvaminjum í Akurvík. Þá þegar var landbrot töluvert vandamál í vikinni og telja þeir að töluvert hafi brotnað af minjastaðnum. Í kringum 2010 fór annar rannsóknarhópur í vikinna og ljóst að umhverfið hefur breyst mikið enda mikill sandur á hreyfingu á svæðinu. Taldi sá hópur að þær minjar sem rannsakaðar voru á níunda áratugnum væru meira eða minna horfnar. Markmið rannsóknarinnar árið 2023 var að afla upplýsinga um umfang landbrots frá því rannsóknir hófust fyrir um 35 árum síðar, færa eldri gögn yfir á stafrænt form, afla efniviðar úr elstu mannvistarlögum svæðisins til aldursgreininga og þar með áætla hvenær skipulögð nýting sjávarauðlinda hófst í Akurvík. Setja niðurstöður rannsóknarinnar í samhengi við áþekka minjastaði á Ströndum. Úrvinnslu er enn sem komið er ólokið en helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að tilfærsla á sandi hafi leitt til þess að minna hafi brotnað af minjasvæðinu en áður. Hins vegar ber að hafa í huga að það getur fljótt breyst sérstaklega þar sem veðurfar er óstöðugra en áður. Varðveisla var tiltölulega góð, sérstaklega bein en erfitt er að greina húsakosti þar sem mikið af sandi er nú yfir verbúðunum.

English Summary

In 1988 an international team of archaeologists initiated a project on the medieval fishing station in Akurvík. They noted during their research that erosion was a severe problem in Akurvík and quite a lot had already been lost. Around 2010 another team did a re-evaluation of the site and noted environmental change especially with more movement of the sand along with the remains that had been partly excavated in 1988 were completely gone. The aim of this project is to evaluate the extent of the erosion over the last 35 years, obtain information about the age of the site and when systematic use of marine resources started in Akurvík. Combine all previous research and obtain a more holistic view of the site along with other similar sites in Strandir.

The post-excavation work is still underway but preliminary results indicate that the movement of sand has stabilized the site for now. However due to increased storminess that can change quite fast. The site needs to be monitored regularly and further action might at a later date. The preservation was good especially bones but it was difficult to evaluate the structures due to the sand.



Mynd 15. Horft yfir uppgrافتarsvæðið á Auðkúlu sumarið 2023. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

4.3 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 201506-0065	Númer ÞJMS: 2023-52
Staðsetning: A 294196 N 592117	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 31.8.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar fyrir sumarið 2023 var að skoða áður rannsökuð svæði og svara áður ósvöruðum spurningum. Á svæði B var opnað 5 x 3 m stórt svæði norðan við uppgrافتarsvæði sem var rannsakað árið 2016 til að kanna umfang járnvinnslusvæðis. Þar var að sjá torfvegg í kring um járnvinnslusvæðið og stoðarholur við þá. Við rannsóknina var annar helmingur ofns rannsakaður, en fyrri helmingur hans hafði verið rannsakaður sumarið 2016.

Á svæði C var opnað 5 x 6 m stórt svæði yfir bænhúsinu og kirkjugarðinum. Þar var tekinn skurður þvert á bænhúsið sem sýndi að húsið hafði verið einungis reist úr strengjatorfi. Engar órannsakaðar grafir voru sjáanlegar einungis grafir sem höfðu verið rannsakaðar áður.

Á svæði D var grafið niður í óhreyfðan jarðveg í öskuhauginn í leit að gripum og sýnum til greiningar. Þar að auki var kolahola norðan við skálann rannsökuð aftur með sniði. Holan hafði verið rannsökuð árið 2018 en ekki fannst sú rannsókn gefa góða mynd af holunni. Við rannsóknir í ár er líklegat að þarna hafi verið soðhola frekar en kolahola.

Á svæði F sunnan við smáhýsið var grafinn 1,5 m x 50 cm stór skurður (prufuskurður 8) til að kanna hvort að þar undir væri garðlag. Á yfirborði virtist móta fyrir garðlagi sem liggur í suðaustur-norðvestur og var þetta garðlag einnig sjáanlegt í sniði. Mögulega hefur þarna verið garðlag við smáhýsið eða að þar hafi verið skjólveggur fyrir eldstæði sem var staðsett á milli garðlagsins og smáhýsisins.

Svæði G var hreinsað þar sem það hafði legið opið frá því að uppgröftur fór þar fram sumarið 2021. Svæðið var í fyrstu 9,7 x 9,4 m að stærð og var svo stækkað í 12,7 x 9,4 m. Sumarið 2021 var talið að engin skýr merki voru um torf í veggjum byggingarinnar en við rannsóknir sumarið 2023 kom vel greinilegt veggjatorf í ljós alstaðar við vegg byggingarinnar. Enn er ekki hægt að fullyrða hvað fór fram í þessu húsi en mögulega hefur þar verið kolageymsla eða reykkofi. Prufuskurður 6 var staðsettur í norðan til á svæðinu, þar komu í ljós tvö garðlög sem lágu í austur-vestur. Prufuskurður 7 var staðsettur austan til á svæðinu, þar kom í ljós norður endi á Húsi-2 ásamt garðlagi sem lá í norðvestur-suðaustur. Rannsóknnum á Húsi 2 þar sem lítið var eftir af húsinu vegna röskunar frá Hísi-1. Á svæði I var opnaður 2 x 7 m stór skurður (Prufuskurður 9) til að fá betri hugmynd um legu fjóssins norðan við Prufuskurð 4 frá árinu 2022. Skurðurinn var notaður sem kennsluefni fyrir nema frá Bradford háskóla þar sem búist var við að finna sömu eða svipuð jarðlög og frá árinu áður.

English Summary

The objective of the research for the summer of 2023 was to examine previously researched areas and get answers to unanswered questions. In area B, a 5 x 3 m area was opened north of the previously researched area from 2016 to get a better idea of the extent of the ironworking site. A turf wall was visible around the ironworking site with postholes located on the site. Half of an iron smelting oven was excavated but the other half had already been excavated during excavations in 2016.

In area C, a 5 x 6 m area was opened over the chapel and the cemetery. A trial trench was excavated across the chapel, revealing that the house had been solely built from string turf. No unknown graves were visible during the excavation, only previously researched graves. In area D, a 1 x 3 m strip was excavated down to natural in the midden in search for artifacts and samples for analysis. Additionally, the charcoal hole north of the longhouse was re-examined. The hole had been investigated in 2018, but that study did not provide a clear picture of its function. This year's investigations suggest that it may have been used as a cooking pit rather than a charcoal hole.

In area F, south of the pithouse, a 1.5 m x 50 cm trench (Trial trench 8) was excavated to investigate possible turf wall. On the surface the wall was visible running southeast-northwest as well as being visible in the section of the trial trench. This was possibly the location of a field boundary next to the pit house or a wall to shield the fireplace located between the field boundary wall and the pithouse.

Area G was cleaned and topsoil removed. The area initially measured 9.7 x 9.4 m and was then expanded to 12.7 x 9.4 m. In the summer of 2021, it was believed that there were no clear signs of turf in the walls of the building, but during the 2023 excavations, turf walls were clear throughout the building. It is still not possible to establish what the house was used for, but it may have been a charcoal storage or a smokehouse.

Tria trench 6 was located to the north in area H, revealing two field boundary walls running east-west. Trial trench 7 was located to the east in area H, revealing the north end of House 2 along with a field boundary running northwest-southeast. Investigations showed little remaining of the of House 2 due to disturbance from House 1 being built on top. In area I, a 2 x 7 m trench (Trial trench 9) was opened to get a better idea of the layout of the barn north of Trial trench 4 excavated in 2022. The trench was used as teaching material for students from Bradford University, where it was expected to find similar deposits as were discovered the previous year.



Mynd 16. Verbúð á klettaranum í Búðarvogum. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

4.4 Landnám og nýting sjávarauðlinda á Ströndum

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202106-102	Númer ÞJMS: 2023-63
Staðsetning: A 392747 N 584536	Póstnúmer: 520 Dranganes
Vettvangsrannsókn hófst: 28.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 23.9.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Rannsóknin er framhald frá fyrri árum þar sem lögð hefur verið áhersla á rannsóknir á árstíðabundinni búsetu á Ströndum. Í ár var markmiðið að fullgrafa verbúð frá 10. öld í Búðarvogum ásamt uppgreftri á tveimur mögulegum lýsisgryfjum. Mannvirkið sem rannsakað var er á klettaranum sem liggur út í sjó og eru lendingar sitt hvoru megin við. Það var grjót- og torfhlaðið og voru klettur í kring nýttir sem byggingareiningar í húsið. Eins og oft vill verða við fornleifarannsóknir kom í ljós að mannvirkið var stærra en upphaflega var talið og fleiri herbergi. Ástæðan fyrir því að ekki var hægt að greina hin rýmið var sú að náttúruleg element í landslaginu voru nýtt sem hluti af byggingunni. Nokkur eldstæði voru innan mannvirkisins, gólf voru þykk og vel varðveitt. Göng lágu frá byggingunni niður í lendinguna að sunnanverðu. Gripir innan búðarinnar voru til að mynda snældusnúður, brýni, mögulega hnifar og önnur járnbrott. Lítið fannst af dýrabeinum. Ár kom einnig í ljós að töluvert fleiri búðir eru í Búðarvogum en áður var talið. Þær eru mjög sokknar og fornar á að líta, um það bil 20 búðir fundust til viðbótar við þær þrjár sem skráðar voru.

Í Búðarvoginum eru einnig naust og gryfjur, skurður var grafinn í eitt naustið til þess að átta sig á því hvernig það var uppbyggt og aflu sýna til þess að aldursgreina þau. Naustið var niðurgrafið og var greinileg rás fyrir kjölinn. Gryfjurnar voru um 2 m í þvermál og um 50 cm á dýpt. Eldsprungið grjót var á víð og dreif og var afar erfitt að átta sig á hvar niðurgrofturinn var fyrir en greina mátti kolalag.

English Summary

The research project is a continuation from last year where the focus is to study Viking Age seasonal site by the coast. This year the focus was one Búðarvogur and Búðarvogsvík in Bjarnarnes. The study consisted of excavation of a seasonal booth, two possible blubber pits and a test trench in a boat house. We furthermore surveyed several structures which had gone unnoticed until now.

The booth was rectangular made of stones and turf. Natural elements in the landscape were also used as part of the building which was quite interesting. We identified several fireplaces within the booth along with nicely preserved floor layers. Artefacts included spindle whirl, nails, whetstones and knives. One of the more interesting features we identified were tunnels that led from the booth to the landing on the southern side which would have made it a bit nicer for the people walking to and from the boat. The pits were quite large, about 2 m in diameter and about 0,5 m deep there were several fire-cracked rocks in and all around the pits along with a charcoal layer within it. Samples were taken for lipid and aDNA identifications.



Mynd 17. Leyfar hvalveiðistöðvarinnar við Sólbakka. Horft til Flateyrar. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

4.5 Sólbakki Önundarfirði. Snjóflóðavarnir á Flateyri.

Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	Fyrirtæki/stofnun: Rannsóknarsetur HÍ á Vestfjörðum
Rannsóknarnúmer: 202306-0158	Númer ÞJMS: 2023-48
Staðsetning: A 296149 N 624553	Póstnúmer: 426 Flateyri
Vettvangsrannsókn hófst: Júlí 2023	Vettvangsrannsókn lauk: Ágúst 2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Áætlaðar eru framkvæmdir á svæðinu þar sem hvalveiðistöð Norðmanna stóð áður á Sólbakka við Flateyri. Markmið rannsóknarinnar var að kanna ástand, eðli minja, svo og áhrif tilvonandi framkvæmdana á þær.

Könnunarskurðirnir sýndu að minjar hvalveiðistöðvarinnar eru vel varðveittar og að stöðin hefur orðið fyrir minnháttar raski síðan að henni var lokað um aldamótin 1900. Við rannsóknina komu í ljós 3 mannvirki; 2 óþekkt en 1 var sennilega leifar af verksmiðju, þ.e. lýsisbræðslu.

English Summary


Construction is planned in the area close to the ruins of the Norwegian whaling station at Sólbakki near Flateyri. The aim of the research was to investigate the condition, nature of the ruins, as well as the impact of the planned constructions on the site. The test trenches showed that the remains of the whaling station are well preserved and that the station has suffered minor disturbance since it was closed at the turn of the 20th century. The excavation revealed 3 structures; 2 unidentified but 1 was probably remains of a factory, i.e. try-works.



Mynd 18. Skálinn við Dynjanda. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

4.6 Borkjarnarannsókn, Hrafnseyri, Auðkúla, Dynjandi og Tjaldanes

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202306-0137	Númer ÞJMS: 2023-49
Staðsetning: A 294196 N 592117	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 1.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 5.9.2023
Tegund rannsókna: Vísindarannsókn	Aðferð: borun



Sótt var um leyfi til borkjarnarannsókna á Hrafnseyri, Auðkúlu, Litla Tjaldanesi og Dynjanda í tengslum við rannsóknina Arnarfjörður á miðöldum. Ekki var borað á Hrafnseyri þetta sumar né heldur á Auðkúlu, annir við rannsókn komu í veg fyrir að hægt væri að bora þar sem fyrirhugað var að þessu sinni. Borað var á Dynjanda, þar kom í ljós mögulegur skáli sem ekki var vitað um og hringlaga rúst sem minnr á kirkjugarð. Sótt er um leyfi til að taka borkjarna í rústina af mögulegum skála og í hringlaga vegg sem gæti verið kirkjugarðsveggur. Markmið rannsóknarinnar er að staðfesta með borkjarna hvort um sé að ræða skála sem ekki var vitað um og tengist það markmiðum rannsóknarinnar Arnarfjörður á miðöldum en ein aðal rannsóknarspurningin er að kortleggja þróun byggðar í Arnarfirði á landnámsöld og fram á miðaldir. Teknir voru 5 kjarnar, þrjár í hinn meinta skála og tveir í hringlaga byggingu. Kjarnaborun staðfesti að um skála var að ræða rétt undir þunnri gróðurtorfu. Svart feitt lag með beinaleifum var í miðjuni og kjarnar sem stungið var í vegg staðfestu torf úr veggjum. Ljóst var með rannsókninni að um er að ræða áður óþekktan skála við Svínárós við Dynjanda.

Tveir kjarnar voru teknir í hringlaga rúst aftan við Skálann. Annar kjarninn staðfesti að hringurinn er í torfi en kolsvart lag kom inn úr hringunum sem kom verulega á óvart. Ekki er vitað um hvernig fyrirbæri er að ræða annað en um að það er manngert.

Á litla Tjaldanesi voru teknir kjarnar í rústir hinum megin við Tjaldanesá en skáli var staðfestur þar með borkjörnum fyrir nokkrum árum. Kjarnarnir voru 10 og reyndust meintar rústir vera náttúrlegur jarðvegur. Engar rústir virðast vera Austan megin við Tjaldanesá.

English Summary

A Research premission was submitted to conduct core sampling at Hrafnseyri, Auðkúla, Litla Tjaldanes, and Dynjandi in connection with the research project "Arnarfjörður in the Middle Ages." No drilling was carried out at Hrafnseyri this summer, nor at Auðkúla, due to the workload associated with the research, which prevented drilling as initially planned. Drilling was carried out at Dynjandi. At Dynjandi, at Ósar Svínu (river), a possible longhouse was discovered, which was previously unknown, as well as a circular structure resembling a churchyard. Permission is being sought to take core samples from the possible longhouse and the circular wall that could be a churchyard boundary. The goal of the research is to confirm, through core sampling, whether it is indeed a previously unknown longhouse, aligning with the goals of the "Arnarfjörður in the Middle Ages" research project, which aims to map the development of settlement in Arnarfjörður from the Settlement Age to the Middle Ages. Five cores were taken—three from the supposed longhouse and two from the circular structure. Core sampling confirmed that there was indeed a longhouse just below a thin layer of vegetation. A black, fatty layer with bone remains was found in the center, and the cores taken from the walls confirmed turf construction. It was clear from the research that this was a previously unknown longhouse at Svíuós, near Dynjandi. Two cores were taken from the circular structure behind the longhouse. One of the cores confirmed that the circle is made of turf, but a pitch-black layer was also found within the circle, which was a significant surprise. It is unknown what kind of feature this is, other than that it is man-made.

At Litla Tjaldanes, cores were taken from ruins on the opposite side of the Tjaldanes River, where a longhouse was confirmed through core sampling a few years ago. Ten cores were taken, and the supposed ruins turned out to be natural soil. No ruins seem to be on the eastern side of the Tjaldanes River."



Mynd 19. Búðavík í október 2022. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

4.7 Búðavík við Dynjandisvog í Arnarfirði

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202207-0051	Númer ÞJMS: 2023-25
Staðsetning: A 390569 N464680	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 20.5.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 6.6.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Vegagerðin óskaði eftir því að Náttúrustofa Vestfjarða framkvæmdi rannsókn á minjum í Búðavík vegna mögulegrar veglagningar á svæðinu. Árið 2021 voru gerðir tveir könnunarskurðir í meintan bæjarhól [1833-8]. Í skurði A var talið að fundist hafði torfveggur, sem kom í ljós með frekari rannsókn sumarið 2022 að svo var ekki, og ruslalog. Skurður B var tekinn sunnar á minjahólnum, þar kom í ljós torf og grjót sem virtist koma úr byggingu ofar á hólnum sem hafði verið raskað þegar núverandi vegur var gerður. Undir því lagi kom í ljós þykkur öskuhaugur, sem hafði að geyma móösku, bein, kol og gripi. Undir öskuhaugnum komu í ljós veggir sem voru gerðir úr torfi og grjóti (Hús 3). Sýni úr öskuhaugnum voru aldursgreind og reyndust vera frá 1450-1650 og eru veggirnir sem komu í ljós undan haugnum væntanlega eldri.

Svæði yfir minjahólnum var opnað og kom í ljós vestur endi tveggja tófta með veggjum úr torfi og grjóti en restin af tóftunum liggur undir Vestfjarðaveginum. Í fyrstu var talið að á þessu svæði væri ein tóft sem hafði þrjú hól. Við frekari rannsóknir voru gólfög sjáanleg í nyrðra og syðra hólfinu og einungis stórir steinar, blandað hrun og öskuhaugur í miðju. Var því ljóst að þarna voru staðsett tvær tóftir (Hús 1 og Hús 2) með bili á milli. Tóftirnar höfðu skemmst mikið þegar Vestfjarðavegurinn var lagður og flast út að einhverju leiti. Þessar tóftir hafa verið túlkaðar sem einhverskonar skepnuhús og virðast hafa verið byggðar ofan á öskuhaugslögum og er þar af leiðandi yngri en hann. Undan öskuhaugnum var Hús 3 sem hafði grjóthlaðna vegg sem voru með einhverjar slitrur af torfi og hún því væntanlega eldri en öskuhaugurinn. Líklega var þarna annað skepnuhús eða

naust. Aldursgreiningar benda til byggðar í Búðavík á 15 og 16 öld sem staðfestir það sem getið er í ritheimildum.

English Summary

The Road Administration (Vegagerðin) requested that Náttúrustofa Vestfjarða did excavation in Búðavík regarding possible road construction in the area. In 2021, two test trenches were done in the supposed settlement mound [1833-8]. In trench A, a turf wall was thought to have been found, but further research in the summer of 2022 revealed that it was not the case, and instead, Trench B was conducted south of the monument, revealing turf and stones that seemed to come from a structure above the mound, which had been disturbed during the construction of the current road. Beneath this layer, a thick midden was uncovered, containing charcoal, bones, coal, and artifacts. Below the ash heap, walls made of peat and stone were discovered (House 3). Samples from the ash heap were dated to be from 1450-1650, and the walls revealed beneath the heap are likely older. The area above the farm mound was excavated, revealing the western end of two turf buildings with walls made of turf and stone, while the rest of the structures lie under the Westfjords road. Initially, it was believed that there was one building in this area with three compartments. Further research revealed visible floor layers in the northern and southern rooms, with only large stones, mixed debris, and an ash heap in the middle. It became clear that there were two separate structures (House 1 and House 2) with a gap between them. These structures had suffered significant damage during the construction of the Westfjords road and had shifted somewhat. These buildings have been interpreted as some kind of barns and seem to have been built on top of layers of midden, making them younger than the midden. House 3, located beneath the midden had stone-laden walls with some traces of peat, making it likely older than the midden. Probably, this was another barn or boathouse (Naust). Radiocarbon dating indicates settlement in Búðavík in the 15th and 16th centuries, confirming what is mentioned in historical sources."

5. Norðurland vestra



Mynd 20. Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæðum á Þingeyrum. Ljósmynd: Jakob Orri Jónsson.

5.1 Þingeyrar í Húnaþingi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 201502-0039	Númer ÞJMS: 2023-36
Staðsetning: A 435293 N 562331	Póstnúmer: 541 Blönduós
Vettvangsrannsókn hófst: 31.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 25.8.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Sumarið 2023 var uppgræfti á Þingeyrum haldið áfram þaðan sem frá var horfið fyrra sumar. Á svæði D voru grafnar upp fjórar grafir og hafist handa við að grafa burt haft milli svæða D og C þar sem frekari leifar 19. aldar byggarinnar sem áður hafa fundist á báðum svæðum komu fram. Á svæði E var torfhleðsla sem kom í ljós á seinustu dögum uppgræftar 2022 grafin fram og kom þá í ljós dren sem lá í gegnum op í hleðslunni. Þessi hleðsla hefur verið túlkuð sem svo að hún tilheyrir klausturtíma, mögulega garðlag um klaustrið. Að auki var nýtt svæði, svæði F, opnað milli svæða D og E. Þar var grafin ein gröf og komið niður á leifar sem líklega tilheyra einnig 19. aldar byggingunni.

English Summary

The summer of 2023 excavations were continued from where they had ended the previous excavation season. In area D four graves were excavated and work started on removing a strip of soil between areas D and C. This strip contained ruins from a 19th century structure that had previously been encountered in both areas. In area E the turf wall that was discovered in the last day of the excavation season 2022 was brought out, revealing a drainage ditch that lay along the wall and through an opening in it. This wall has been interpreted as belonging to the monastic structures of Þingeyraklaustur, possibly a boundary wall surrounding the monastic structures. Further, a new area was opened, area F. There, a grave was excavated and remains uncovered that likely also belong to this 19th century structure.



Mynd 21. Horft yfir uppgraftarsvæðið, Lilja, Ásta og Bryndis að störfum. Ljósmynd: Lisabet Guðmundsdóttir.

5.2 Verbúðalíf á Höfnum

Leyfishafi: Lisabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202206-0123	Númer ÞJMS: 2023-21
Staðsetning: A 385569 N 572946	Póstnúmer: 546 Skagaströnd
Vettvangsrannsókn hófst: 1.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 24.6.2023
Tegund rannsóknar: björgunarrannsókn	Aðferð: blönduð aðferð



Verðstöðvasvæðin á Höfnum eru umfangsmikil og spanna svæði sem er rúmir 3 km að lengd. Þarna voru Rífsbúðir, Piltabúðir og Hafnabúðir en þær síðastnefndu voru hvað umfangsmestar. Meginkjarna Hafnabúða er að finna á Kólku- og Hjallanesi. Árið 2023 hófst fyrsti áfangi verkefnisins.

Megin markmið með verkefninu er að rannsaka bæði verbúðatóftir, naust og öskuhauga á Hjallanesi til þess að öðlast frekari vitneskju um minjarnar sem allar hafa orðið fyrir raski vegna ágangs sjávar. Lagt er upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar: Hvenær hófst verstaða á Höfnum (Hjallanesi) og hvernig þróaðist hún í tíma (og rúmi); er um stóra verstöð að ræða frá upphafi eða voru hér minni verstöðvar eins og fundist hafa til að mynda á Ströndum. Í heild var svæðið sem var opnað 5x12 m að stærð. Í allt voru grafnar níu verbúðir og ein að hluta. Þær yngstu voru að öllum líkindum frá 18. öld og teljum við að elstu búðirnar sem grafnar voru í ár hafi verið frá ca. 15. öld. Mátti greina þónokkur byggingarstig enda voru búðirnar lagfærðar á ári hverju og eflaust aðlagast aðastæðum hverju sinni. Hver búð eða bygging hafði ákveðið hlutverk, þar var að finna eldhús, íveruhús og möguleg vinnu eða geymslurými. Gripaflóran var fjölbreitt, töluvert af vaðsteinum, brýnum og hnífum auk taflmanna og kotrum en einnig fundust persónulegir munir á borð við kamba. Það verður þó að segjast að

töluverður subbuskapur hefur verið hjá sumum áhöfnum. Ekki var mikið verið að hreinsa gólf og þegar fólki var nóg boðið var hreinlega hellulagt yfir óþverrann. Þetta var gert í nokkur skipti. En svona var þetta þó ekki allstaðar.

English Summary

The fishing stations in Höfn span an extensive area and over 3 km of coastline. Several sites have been identified, Rífsbúðir, Piltabúðir and Hafnabúðir, but the last mentioned was the most extensive. The main core of Hafnabúði can be found in Kólku- and Hjallanes. In 2023, the first phase of the project began.

The main goal of the project was to study the seasonal booths, boathouse and midden in order to gain further knowledge about the features which have all been disturbed by the encroachment of the sea. The following research questions were proposed: When was the fishing station established in Hafnir and how did it develop in time (and space); is it a large fishing station from the beginning or were there smaller ones before as can be found for example in Strandir. The area that was excavated was 5x12 m in size. In total nine booths were excavated and one partially. We estimate that the oldest booths were from the 15th century while the youngest from the 18th. Several building phases could be identified and it is quite clear that the structures needed renovation quite frequently. There is an indication of specialisation within each booth, living or sleeping area/boot, kitchen and works space. The artefacts were quite many and both personal things along with fishing gear such as sinkers, and hooks. Several whetstones and knives along with chess pieces and kotra. Some of the booths were quite nasty to be honest and cleanliness does not seem to have been a priority. When the floors had filled with debris they simply added a new layer of stone slabs. This was not always the case though.



Mynd 22. Loftmynd af uppgriftarsvæðinu á Kotinu. Ljósmynd: Cody Roush.

5.3 FLASH – Fornbýli Landscape & Archaeological Survey on Hegranes

Leyfishafi: Kathryn Catlin	Fyrirtæki/stofnun: Jacksonville State University
Rannsóknarnúmer: 202204-0048	Númer ÞJMS: 2023-15
Staðsetning: A 476000 N 581700	Póstnúmer: 551 Sveitarfélagið Skagafjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 26.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 4.8.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Sumarið 2023 var grafið í Kotið, sem er lítið bæjarstæði á jörð Hellulands á Hegranesi í Skagafirði, til að kanna umfang, eðli og aldur íveruhússins, tilheyrandi öskuhaugs og útihúsa, sem og yngri peningshúsa. Viðbótarmarkmið rannsóknarinnar var að leggja mat á tilvist og varðveislu annarra áþekkra, meintra íveruhúsa frá landnámstíð á Þrælagerði á Keflavík og Grænagerði á Huldulandi. Uppgröftur sumarsins er framhald af vinnu sem hófst árið 2022.

Í ár var stærð uppgriftarsvæðisins meira en tvöfölduð frá því í fyrra, í 21x12 m, og var með því tekið ofan af byggingum og stórum hluta öskuhaugsins. Uppgröftur leiddi í ljós fimm byggingar, allar reistar á svipuðum stað þannig að hver og ein var skorin ofan í eldri byggingu að einhverju leyti. Efst var stekkur frá ca. 17. öld sem var að mestu fjarlægður með gröfu, en hlutar veggjanna stóðu eftir og voru skráðir. Undir steknum var peningshús frá 14. öld með tveimur rýmum og áföstu gerði. A.m.k. tveir byggingarfasar voru greinilegir í norðurrýminu. Þessi bygging hafði verið reist ofan á tvö ferningslaga mannvirki, hvort um 2x2 m að innanmáli. Voru þau bæði undir 1104 gjóskulaginu. Líklega er um heytóftir að ræða sem byggðar voru ofan á og grafnar inn í hús frá 9./10. öld, sem er elsta byggingin á svæðinu.

9./10. aldar byggingin var að innanverðu u.þ.b. 6,5x2,5 m og að minnsta kosti í tveimur byggingarfösum. Í síðari fasanum var t.a.m. hurðaropið fært (og gömlu

dyrunum þannig lokað), horneldstæði reist og aðrar breytingar gerðar á veggjum og bekkjum. Í einum fasanum má sjá göng sem liggja út fyrir uppgraftarsvæðið til norðurs, hugsanlega í hlöðu, en það á eftir að rannsaka betur. Vísbendingar eru um að húsinu hafi vísitandi verið lokað þegar hætt var að búa í því. Tilvist jarðhýsis var staðfest um 12 m vestan við hinar byggingarnar og virðist vera um 5 m í þvermál. Rannsókn á því biður betri tíma.

Á Þrælagerði var 2x2 m skurður (EU3) grafinn í öskuhauginn. Greining á dýrabeina- og plöntusýnum munu gefa upplýsingar um aldur staðarins og viðurværi þeirra sem þar bjuggu. Jarðefnafræðisýni úr skurðum sem teknir voru í landi Keflavíkur munu vonandi gefa upplýsingar um breytingar á landslagi og túnrækt í gegnum aldirnar. Borkjarnar sem teknir voru í Grænagerði sýndu merki um gólfög frá 9./10. öld undir gólfum úr yngri peningshúsum. Gert er ráð fyrir að þessar rannsóknir muni halda áfram sumarið 2024.

English Summary

Kotið, a small early dwelling site on the farm Helluland on Hegranes in Skagafjörður, was excavated in 2023 to determine the form, size, and establishment date of the dwelling, associated midden deposits and outbuildings, and the livestock buildings that overlay the dwelling. A secondary goal of the research was to evaluate the existence and preservation of Settlement-period dwellings at the similar small, early sites of Þrælagerði on Keflavík and Grænagerði on Hulduland. This is a continuation of work that started in 2022.

In 2023, we more than doubled the excavation area to 21x12m, exposing the buildings and much of the extramural sheet midden. Excavations revealed a series of 5 buildings, all constructed on similar footprints and each truncating the earlier ones to some degree. The ca. 17th-century stekkur was mostly removed via backhoe but some portions of the walls remained and were documented. The 14th-century livestock building has two rooms and an enclosure wall, with at least two construction phases in the newly excavated northern room. This building had been constructed atop two earlier, square structures, each about 2x2m interior dimensions, both capped by the 1104 tephra layer. These two probable heytofts were built on top of and dug into a 9th/10th-century domestic dwelling.

The early domestic building had approximate interior dimensions of 6.5x2.5m and at least two phases of construction. Later phases included moving the doorway (and blocking the old door), adding a corner hearth, and other modifications to walls and benches. One phase of construction included a göng that leads out of the excavation area to the north, possibly to a barn, which remains to be investigated. There are some indications that the dwelling may have been intentionally closed at the end of its use as a dwelling. A pithouse was identified 12m to the west of the other buildings and appears to be about 5m in diameter. The pithouse also remains to be investigated.

At Þrælagerði, a 2x2m excavation (EU3) was conducted in the midden. Zooarchaeological and paleoethnobotanical samples will refine our understanding of the site's date and subsistence strategies. Geoarchaeological samples obtained from trenches across the landscape of Keflavík will address landscape modification and field enhancement through time. Coring at Grænagerði demonstrated the presence of a probable 9/10th century domestic floor under later livestock buildings.


The research is expected to continue in the summer of 2024.



Mynd 23. Horft til vesturs yfir fornt bæjarstæði Hólakots í landi Viðvíkur. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

5.4 Fornleifarannsóknir í Hjaltadal/Hjaltadalur Archaeological Settlement Project

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Háskólinn á Hólum
Rannsóknarnúmer: 202106-0097	Númer ÞJMS: 2023-47
Staðsetning: A 494812 N 581751	Póstnúmer: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 6.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 16.8.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Tilgangur HASP fornleifarannsóknarinnar er að rannsaka byggðasögu og byggðapróun á Hólum og í Hjaltadal. Verkefnið var í formi borkjarna og könnunarskurða á jörðunum Efra-Ási (með Laufskálaholti), Brekkukoti, Grafarkoti (afbýli frá Víðinesi) Kálfsstöðum, Kjarvalsstöðum, Nautabúi, Ingveldarstöðum, Skúfsstöðum, Garðakoti, Hringveri og Viðvík (með Hólakoti). Einnig var jarðsjármæling gerð í túni á Skúfsstöðum og gerður var könnunarskurður í kirkjugarð á Kálfsstöðum. Býlin 12 sem rannsökuð voru sumarið 2023 virðast öll stofnuð nokkru fyrir gjósku úr Heklu sem féll 1104. Á bæjunum Garðakoti, Kálfsstöðum, Kjarvalsstöðum, Nautabúi, Ingveldarstöðum og Viðvík eru vísbendingar um stöðugleika í búsetu fram yfir síð-miðaldir. Á Skúfsstöðum virðist samfelld búseta á gamla bæjarstæðinu en einnig fundust ummerki skammtímabúsetu í túni. Bæjarstæði Efra-Áss virðist hafa færst lítillaga með tímanum. Hólakot er yfirgefið skömmu eftir 1300 og Hringver er yfirgefið á fyrri hluta 20. aldar. Niðurstöður jarðsjármælinga við bæjarhólinn á Skúfsstöðum benda til þess að undir sverði liggja hringlaga garðlag, um 20m í þvermál. Garðlaginu svipar til kirkjugarðsveggja úr frumkristni. Verði staðfest að þetta sé grafreit er það í fyrsta sinn sem kirkjugarður úr frumkristni hefur fundist hérlendis með jarðsjármælingum, án þess að nokkrar heimildir séu til um kirkju- eða kirkjugarð á jörðinni.

English Summary

This report outlines the 2023 work, including Geophysical survey, Coring, and Excavations at Efri-Ás, Laufskálaholt (on the Efri-Ás land of the Ásholt summer house), Brekkukot, Kálfsstaðir, Kjarvalsstaðir, Nautabú, Ingveldarstaðir, Skúfsstaðir, Garðakot (part of Viðines) Grafarkot (part of Viðines), Hringver, Hólakot (part of Viðvík), and Viðvík in Hjaltadal as part of the Hjaltadalur Archaeological Survey Project (HASP). This is the third year of a scheduled three-year project. The purpose of the project is to outline the settlement sequence and regional development in Hólar and around Hjaltadal and compare them with similar studies that have been carried out in Skagafjörður. The 12 farms investigated in 2023 all seem to have been established well before the Hekla 1104 (H1104) tephra fell. The farms at Garðakot, Kálfsstaðir, Kjarvalsstaðir, Nautabú, Ingveldarstaðir, and Viðvík have continuous sequences that indicate long-term stability up to the early modern period. The farm mound at Skúfsstaðir seems to be continuous, and there is a distinct, smaller, and shorter occupation area on the farmstead. The main farm mound at Efri-Ás seems to have shifted over time. Hólakot is abandoned shortly after AD 1300 and Hringver is abandoned in the mid-20th century. The geophysical results from Skúfsstaðir suggest the presence of a round wall 21 m in diameter, consistent with a churchyard boundary wall. If investigation of this round anomaly yields a burial ground, it would be the first time that a churchyard wall was identified by geophysical prospection at a farm without any documentary evidence of ever having had a church.



Mynd 24. Steinar í botni túngarðsins á Ásum. Steinarnir liggja ofan á þéttu, náttúrulegu malarlagi. Horft til suðvesturs. Ljósmynd: Ylfa Leifsdóttir.

5.5 Framkvæmdarannsókn vegna strenglagnar RARIK í Svínadal

Leyfishafi: Ásta Hermannsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 202306-0094	Númer ÞJMS: 2023-41
Staðsetning: A 454170 N 562653	Póstnúmer: 541 Blönduós
Vettvangsrannsókn hófst: 27.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 27.6.2023
Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurður



Markmið rannsóknarinnar var að freista þess að kanna aldur og umfang tveggja garðlaga, annars vegar túngarðs á Ásum og hins vegar meints garðlags í jaðri lands Hamrakots, vegna jarðstrengslagningar RARIK. Grafnir voru einfaldir skurðir í gegnum garðlögin um það bil á þeim stað sem RARIK mun þvera þau. Túngarðurinn á Ásum var sannarlega garður eins og sást á yfirborði. Gerð hans var mjög einföld og einsleitni jarðvegarins gerði túlkun erfiða. Í botni garðsins voru steinar og ofan á þeim mátti greina óljóst torflag. Áfok lá upp að veggnum beggja vegna en engin gjóskulög fundust, að undanskildu H3 sem var nokkuð undir steinum. Rannsóknin varpaði því ekki frekara ljósi á aldur garðsins. Garðlagið í Hamrakotslandi reyndist náttúrulegt. Líklega er um rofabarðsbelti að ræða sem gróið hefur upp og líkist því garðlagi.

English Summary

The aim of the research was to investigate the age and extent of two wall structures, on the one hand a field boundary wall in Ásar and on the other hand an alleged wall on the edge of Hamrakot's land, due to RARIK's plan of laying of underground cables through the walls. Simple trenches were dug through the walls at approximately the point where RARIK intends to lay the cable through them.

The boundary wall at Ásar was truly a wall as could be discerned on the surface. Its construction was very simple and the homogeneity of the soil made interpretation difficult. At the bottom of the garden there were stones and on top of them a vague layer of turf

could be discerned. Aeolian deposits lay up against the wall on both sides, but no tephra layers were found, apart from H3 which was somewhat under the stones. Therefore, the age of the wall is unclear.

The wall in Hamrakotsland turned out to be natural. It is probably a belt of erosion that has regrown and therefore resembles a wall on the surface.



Mynd 25. Drónamynd. Áttstrendur grunnur Silfrastaðakirkju. Könnunarskurður T1 lengst til vinstri, könnunarskurður T3 langsum í grunninum. Norðvestur er upp á myndinni. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.

5.6 Rannsókn á kirkjugrunni Silfrastaðakirkju vegna framkvæmda við grunn kirkjunnar

Leyfishafi: Ásta Hermannsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 202308-0029	Númer ÞJMS: 2023-59
Staðsetning: A 491675 N 549149	Póstnúmer: 561 Varmahlíð
Vettvangsrannsókn hófst: 16.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 22.8.2023
Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Silfrastaðakirkja var reist árið 1896 og er friðlýst. Hún var flutt af grunninum fyrir tveimur árum til að hægt væri að gera hana upp og laga grunn hennar. Flytja á kirkjuna aftur á sinn stað eftir endurbætur. Til að hægt sé að laga grunn kirkjunnar gerði Minjastofnun Íslands kröfu um fornleifarannsókn á staðnum, enda stendur grunnurinn í jaðri bæjarhóls Silfrastaðar og er öskuhaugur í og við grunninn.

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt, annars vegar að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki leyndust undir kirkjugrunni og reyndist svo ekki vera. Ef mannvirki hefðu fundist var gert ráð fyrir endurskoðun áætlunar og stækkun rannsóknar í samráði við Minjastofnun. Hitt markmiðið var að sigta hluta af öskuhaugnum og taka úr honum jarðvegssýni til að freista þess að ná eins miklum upplýsingum og hægt væri úr honum, en ljóst er að hluti hans þarf að víkja fyrir nýjum kirkjugrunni sem til stendur að byggja undir gömlu kirkjuna.

Allt grjót var fjarlægt með vélum úr grunni kirkjunnar. Mikið magn mannvistarlaga var sjáanlegt, en einnig ljóst að svæðið er mjög raskað. Ákveðið var að taka fjóra borkjarna skáhalt úr miðju kirkjugrunnsins og út fyrir hann til suðurs til að kanna dýpt og tilvist mannvistarlaga. Opnaður var könnunarskurður

(T1), 1x1 m, rétt sunnan við grunninn þar sem líklegast þótti að öskuhaugur væri minnst raskaður. Grafið var í gegnum mannvistarlög í þeim skurði niður á 1,78 m dýpi þar sem mest var og komið niður á óhreyfð jarðlög.

Í kirkjugrunninn sjálfan var grafinn mjór skurður (T3), 300x40 sm að stærð, til að kanna dýpt mannvistarlaga, sem eru mjög röskuð. Í norðurenda voru um 50 sm niður á óhreyfða mold en í suðurenda voru mannvistarlög niður á 1 m og þykkt náttúrulegt sandlag þar undir.

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að mikið magn mannvistarlaga er á staðnum og einungis var grafið í lítinn hluta þeirra. Mannvistarlögin virðast vera frá því eitthvað fyrir 1300 a.m.k. og fram á 20. öld. Mikil ruslalög frá 20. öld eru efst og ljóst að mikið rót hefur verið á staðnum í seinni tíð.

English Summary

Silfrastaðakirkja church was built in 1896 and is a listed building. It was moved off its foundation two years ago so that it could be renovated, and its foundation repaired. The church is to be moved back to its original place after renovations. In order to be able to fix the foundation of the church, Minjastofnun Íslands demanded an archaeological investigation on the site, since the foundation is located on the edge of the Silfrastaðir farm mound and there is a midden in and just outside the foundation.

The aim of the research was two-fold, on the one hand, to ascertain whether older structures were hidden under the church foundation, and it turned out not to be the case. If structures had been found, a review of the plan and an expansion of the investigation were planned in consultation with the Cultural Heritage Agency (Minjastofnun Íslands). The other goal was to sift part of the midden and take a soil sample from it in order to try to get as much information as possible from it, but it is clear that part of it has to give way to a new church foundation that is to be built under the old church.

All stones were removed by machines from the foundation of the church. A large amount cultural layers were visible, but it was also clear that the area is very disturbed. It was decided make four cores diagonally from the center of the church foundation and beyond it to the south in order to investigate the depth and presence of cultural layers. A trench (T1), 1x1 m, was opened just south of the foundation, where it was most likely that the midden was least disturbed. Excavation was carried out through cultural layers in the trench down to a depth of 1.78 m where natural layers were hit.

A narrow trench (T3), 300x40 cm in size, was excavated in the church foundation itself, in order to explore the depth of the cultural layers within, which are very disturbed. At the northern end, there were about 50 cm down to natural layers, while at the southern end there were cultural layers down to 1 m and a thick natural sand layer underneath.

The result of the research is that there is a large amount of cultural layers at the site and only a small part of them was excavated. Habitation at Silfrastaðir seems, from the excavated cultural layers, to date from at least some time before 1300 and until the 20th century. Extensive 20th century rubbish layers are at the top and it is clear that there has been a lot of disturbance at the site in recent times.



Mynd 26. Könnunarskurðurinn í Glaumbæ, undir veggnum á milli eldhúss og Bláustofu. Horft til norðurs. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.

5.7 Könnun á búsetu í "efri" Glaumbæ

Leyfishafi: Ásta Hermannsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 202309-0067	Númer ÞJMS: 2023-71
Staðsetning: A 476747 N 568223	Póstnúmer: 561 Varmahlíð
Vettvangsrannsókn hófst: 28.9.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 2.10.2023
Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Þar sem rífa þurfti og endurhlaða tvo veggj Glaumbæjar var ákveðið að nýta það einstaka tækifæri til að kanna aldur mannvistar í "efri" Glaumbæ. Vísbendingar fundust við rannsóknir fyrr á öldinni um að elstu mannvist í "efri" Glaumbæ væri að finna á þessu svæði, þ.e. gerðar voru rannsóknir rétt utan við það horn hússins

sem nú á að fara að vinna inni í. Stóra spurningin er hvort bæjarstæði Glaumbæjar hafi verið fært frá "neðri" Glaumbæ (þar sem skálinn er) og upp á "efri" Glaumbæ á einhverjum tímamarki eða hvort búseta hafi verið á báðum svæðum á sama tíma. Hingað til hefur verið talið að "neðri" Glaumbær, þ.e. skálinn í túninu, hafi verið í byggð fram undir 1100 og þá hafi búseta fært upp í "efri" Glaumbæ. Grafinn var einn könnunarskurður, 1,15x0,75 m að stærð, innarlega í sundinu á milli eldúss og Bláustofu. Staðsetning skurðarins var ákveðin eftir að teknir höfðu verið sjö borkjarnar. Tveir þeirra (teknir á sama stað, einn lítill og síðan einn stór) sýndu mannvistarlög, torf og meint góflög, og var því ákveðið að grafa þar niður. Efst var torfveggur sem greinilega er viðgerð á eldri vegg. Undir honum var litríkur, gamall torfveggur. Sá veggur náði á ca 1,1 m dýpi. Undir honum voru torfleifar og góflög, um 30 cm í allt. Meginniðurstaðan er að seinni tíma framkvæmdir/viðgerðir hafa ekki eyðilagt alla eldri mannvist á staðnum. Vísendingar eru um mannvist undir því sem talið er vera 1000 gjóskan og einnig fast ofan á því sem gæti verið landnámsgjóskan. Endanleg túlkun bíður greiningar á gjóskulögunum en vísendingar benda í þá átt að búseta hafi verið í bæði "efri" og "neðri" Glaumbæ frá upphafi. Ef rétt reynist breyta niðurstöðurnar fyrri hugmyndum um búsetu í Glaumbæ.

English Summary

Since two walls of Glaumbær had to be demolished and rebuilt, it was decided to use the unique opportunity to investigate the age of human habitation in "upper" Glaumbær. Evidence was found during research earlier in the century that the oldest human habitation in "upper" Glaumbær could be found in this area, i.e. investigations were carried out just outside the corner of the building that is now to be worked on. The big question is whether the occupational site of Glaumbær was moved from the "lower" Glaumbær (where the skáli is) to the "upper" Glaumbær at some point or whether there was residence in both areas at the same time. Until now, it has been believed that "lower" Glaumbær, i.e. the skáli in the field, was inhabited until around 1100 and then the residence moved up to "upper" Glaumbær.

One exploratory trench, 1.15x0.75 m in size, was dug inside the channel between the kitchen and Bláastofa. The location of the trench was determined after seven cores had been taken. Two of them (taken in the same place, one small and then one large) showed layers of human habitation, turf and supposed floor layers, and it was therefore decided to dig down there. At the top was a turf wall which is clearly a repair to an older wall. Beneath him was a colourful, old turf wall. That wall reached a depth of approx. 1.1 m. Underneath it were the remains of turf and floor layers, about 30 cm in all. The main conclusion is that recent constructions/repairs have not destroyed all the older human settlements on the site. There is evidence of human habitation beneath what is believed to be the 1000 tephra layer and also right on top of what may be the settlement tephra layer (Landnámslagið). A definitive interpretation awaits the analysis of the tephras, but the indications are that there was occupation in both "upper" and "lower" Glaumbær from the beginning. If proven correct, the results will change previous ideas about habitation in Glaumbær.

6. Norðurland eystra



Mynd 27. Tjörn, loftmynd sem var tekið með dróna; skurður er sunnan við nýja húsið og austan við kirkjuna. Ljósmynd: Ramona Harrison.

6.1 Tvídæla/Two Valleys Project - Staðartunga

Leyfishafi: Ramona Harrison	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202106-0002	Númer ÞJMS: 2023-50
Staðsetning: A 524920 N 575028	Póstnúmer: 621 Dalvíkurbyggð
Vettvangsrannsókn hófst: 10.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 9.8.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



EY-215:001 - öskuhaugur, Staðartunga:

Framhald af uppgreftri við Staðartungu árið 2023 beindist einkum að því að finna vísbendingar um landnám og búskap frá landnámsöld til nútímans í gegnum leifar öskuhaugs.

Einn könnunarskurður frá fyrra ári (TR4, 2 x 3 m) var opnaður aftur og framlengdur og í ljós komu lagskipt mannvistarlög sem að talsverðu leyti eru heimilissorplög. Þau tengjast margra alda sögu bæjarins og bera m.a. vitni um mataræði og skepnuhald. Lagskipt mannvistarlög sem komu í ljós í skurði TR4 samanstóðu af daglegu heimilissorpi í bland við áfok og torfhrun. Í skurði TR4 voru talsverðar leifar af byggingarhruni frá nútímanum sem rutt hafði verið niður brekkuna og yfir öskuhaug frá 20. öld en ummerkin eru frá því að síðasta

bæjarhúsið á hólnum var rífið og við höfum nú grafið upp mannvistarlög sem veita okkur innsýn inn í daglegt líf og starfsemi á jörðinni allt aftur til fyrstu búsetu þar.

Þótt röð kjarna hafi verið boruð árið 2022 þvert yfir ætlaðan haug um miðbik hólsins, var umfang hans, dýpt og rúmmál ekki enn að fullu kortlagt.

ATH: Borkjarnarannsókninni (samatals 19 kjarnar frá 20023-24) til að meta umfangið var lokið í júní 2024.

EY-118:001- öskuhaugur, Tjörn (519596/603552)

Röð borkjarna (samatals 26 kjarnar frá 2023-24) voru teknir á svæði þar sem meintur öskuhaugur var.

Öskuhaugur sem tilheyrir býlinu Tjörn var staðsettur og grafið í hann. Hann spannar sennilega tímabilið allt frá því um 1000 e. Kr og fram til nútímans (sbr. brot úr rúðugleri sem þar fannst) eftir því sem ráða má af borkjarnasýnunum.

Tekinn var könnunarskurður í öskuhauginn, (TR1, 3 x 1 m). Aðeins vannst tími til að grafa upp lög frá því um 1300 e.Kr. og yngri. Þennan öskuhaug mætti rannsaka betur síðar. ATH: Borkjarnarannsókninni til að meta umfangið var lokið í júní 2024.

EY-201:010- öskuhaugur, Hálskot 522214/574494). Röð borkjarna (samatals 58 kjarnar) var tekin á svæði þar sem meintur öskuhaugur var. Því miður fundust engin greinilega lagskipt öskulög í kjörnunum.

English summary

EY-215:001- Midden at Staðartunga

The excavation in Staðartunga in 2023 was a continuation of trial trench 4 (TR4, 2 x 3 m) which was begun in the previous season but not completed. The stratified midden layers in TR4 consisted of everyday household refuse deposits, windblown material and turf collapse layers. TR4 contained modern building collapse remains pushed down the slope and onto the top of the midden mound during the 20th century. This was when the last farm house on this spot to be demolished. In 2023, this trench was reopened and excavated down to natural deposits. Though this needs to be confirmed by pending artifact, radiocarbon, and tephra analysis, it is safe to assume that this trench revealed cultural activity layers most likely going all the way back to first settlement of the site. Which seems to have happened already shortly after deposition of the Landnám tephra sequence (encountered in TR3 in 2022).

Though a series of cores were placed across the presumed midden mound in 2022 its original extent, depth, and volume remained unclear then. Therefore, coring work needed to continue and was only completed in June of 2024, resulting in a total of 19 cores documented in 2023-24.

EY-118:001- Midden at Tjörn (519596/603552)

A series of cores were placed into the farm mound associated with the old farm house at Tjörn that was demolished in the 20th century. The task of locating stratified midden layers was challenging due to many series of building debris from construction debris associated with the modern farm house, but also with earlier turf structures. A trial trench (TR1, 3 x 1 m) was placed into the limited portion of the mound that appeared the least disturbed based on the extensive coring work done across the whole mound. The cultural layers from that trench suggest site activity dating from as recently as the modern/early modern era to back to possibly early medieval times, pending more extensive dating assessment. Coring work needed to continue and was only completed in June of 2024, resulting in a total of 26 cores documented in 2023-24.

EY-201:011 - Midden at Hálskot (522214/574494)


Extensive coring of the infield (total of 58 cores), structural ruins, and immediate outfield, at this site did not reveal any substantial midden remains.



Mynd 28. Skurður 2 í útihúshól, horft til norðurs í átt að íbúðarhúsi sem stendur á bæjarhólnum í Ystabæ. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

6.2 Saga byggðar í Hrísey

Leyfishafi: Orri Vésteinsson	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 202206-0097	Númer ÞJMS: 2023-44
Staðsetning: A 527197 N 612887	Póstnúmer: 630 Hrísey
Vettvangsrannsókn hófst: 25.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 15.9.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Verkefnið er framhald rannsókna í Hrísey sem miða að því að varpa ljósi á aldur bæjarstæðanna í eyjunni og afla grunnupplýsinga um dreifingu mannvistarleifa í og við hin fornu tún. Síðasta túnið sem skoðað var er í Ystabæ og þar voru teknir 180 borkjarnar á 20 m fresti yfir allt túnið og næsta nágrenni þess, einkum neðan við, milli túns og sjávarbakka. Einnig voru grafnir þrjár 1x1 m könnunarskurðir til að staðfesta athuganir úr borkjörnum. Mannvist sást allvíða í túninu undir H-1104 og einnig undir og yfir tveimur dökkum gjóskulögum sem eru yngri, líklega H-1300 og V-1477. Niðurstaðan er sú að byggð hefur verið samfelld í Ystabæ síðan allöngu fyrir 1104, sennilega allt frá landnámsöld. Öfugt við Syðstabæ fundust ekki skýr merki um híbýli manna nema á bæjarhólnum og næst í kringum hann. Eina undantekningin er á sjávarbakkanum, við lendinguna, á svonefndri Slögu, en þar sýndu kjarnarnir kol og ösku á nokkrum stöðum sem tengist örugglega híbýlum frekar en skarni. Skurður sem tekinn var þar staðfesti að þar eru umtalsverðar byggingaleifar frá löngu tímabili, m.a. örugglega á miðöldum. Að öðru leyti voru byggingaleifar helst þar sem útihús stóðu í byrjun 20. aldar en til viðbótar fannst einn álitlegur rústahóll í sunnanverðu túninu. Skurður þar staðfesti mörg byggingarstig en ekkert sem bendir til híbýla. Þriðji skurðurinn, þar sem vonast var eftir öskuhaug, reyndist neikvæður.

English Summary

The project completes a survey of the five known farmsteads of Hrísey. A coring survey (180 cores at 20 m intervals) and limited trenching showed signs of comprehensive occupation of the homefield of Ystibær well before 1104. Anthropogenic deposits were found widely below and above the historic tephra, probably H-1300 and V-1477

confirming continuous occupation of this site from the Viking Age. Evidence for dwelling was found primarily in and around the farm mound, and only one other site has possible evidence for habitation, a place called Slaga, on the coast by the landing. Charcoal and ash was found over a wide area here and trenching confirmed multiple building phases from a long period, particularly in the Middle Ages. Other building remains were primarily found in the locations of animal stalls known from the beginning of the 20th century with the addition of a mound in the southern edge of the homefield where trenching also confirmed multiple phases of turf buildings but no sign of habitation. The third trench failed to confirm a suspected midden.



Mynd 29. Ljósmynd af vegg (gafli) í réttinni (2776-006). Ljósmynd: Margrét Hallmundsdóttir.

6.3 Moldhaugnaháls í Eyjafirði

Leyfishafi: Margrét Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 202309-0041	Númer ÞJMS: 2023-70
Staðsetning: A 534886 N 583149	Póstnúmer: 604 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 4.10.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 4.10.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Framkvæmdarannsóknin fólst í gerð fjöggra könnunarskurða í fjórar minjar (Garðlag [2776-004], tóft [2776-005] tóft [2776-006] og garðlag [2776-008]), Rannsóknin var gerð að kröfu Minjastofnunar.

Ein af þeim fjórum minjum sem grafnar voru reyndist ekki vera fornleifar, en það var meint garðlag [2776-004] á Hvíthól, sem reyndist vera náttúrulegt fyrirbæri. Rúst [2776-005] er að öllum líkindum fjárhús með lítilli hlöðu eða heytóft aftan við. Miðað við hæð og varðveislu veggja, og að enn var hægt að greina tað í gólfinu, er líklegt að byggingin sé ekki mjög forn, en greinilegt er að hún hafi verið með þaki.

Rúst [2776-006] hefur líklega verið rétt og var með sömu gjóskulinsum og rúst [2776-005]. Torfið er mjög áþekkt í báðum byggingunum og veggirnir voru svipaðir að hæð. Það bendir til að byggingarnar hafi verið byggðar á svipuðum tíma og efnið tekið af sama stað.

Garður [2776-008] er mjög útflattur og gæti verið nokkuð gamall miðað við það. Það virðist ekki hafa verið mikið lagt í gerð hans, sem gæti skýrt hvers vegna hann hefur flast svona mikið út. Hann var hlaðinn með grjóti neðst og síðan þéttur með torfkenndum jarðvegi. Mjög litlar linsur af H3 og 1300-laginu benda til þess að jarðvegi hafi verið mokað í garðinn.

English Summary

The excavation involved the making of four trenches in four features (boundary (2776-004), structure (2776-005), structure (2776-006), and boundary wall (2776-008)). The research was carried out at the request of the Cultural Heritage Agency of Iceland.


One of the four features excavated turned out not to be an archaeological specifically the supposed boundary wall [2776-004] at Hvíthóll, which was found to be natural.

Structure [2776-005] is likely a sheepfold with a small hay barn or fodder shed at the back. Based on the height and preservation of the walls, and the fact that dung was still identifiable on the floor, it is likely that the building is not very old, though it clearly had a roof.

Structure [2776-006] was probably a pen and contained the same tephra lenses as structure [2776-005]. The turf used is very similar in both buildings, and the walls are similar in height. It appears that the buildings were constructed at the same time and that the material was sourced from the same location.

Boundary wall [2776-008] is very flattened and may be quite old. It does not seem that much effort was put into its construction, which might also explain why it has flattened so much. It was built with stone at the base and then packed with turf. Very small lenses of H3 and the 1300 layer suggest that soil was shovelled into the boundary, unlike the buildings where turf was cut and the walls were built from it.

7. Austurland



Mynd 30. Yfirlitsmynd tekin til suðurs af fjóstóft sem var til rannsóknar og hægra megin við hana er bæjarhóll með minjum frá ýmsum tímum. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

7.1 Nautafjós í Nauthúsabotnum

Leyfishafi: Kristborg Þórsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202305-0053	Númer ÞJMS: 2023-24
Staðsetning: A 721843 N 471515	Póstnúmer: 755 Djúpavogur
Vettvangsrannsókn hófst: 12.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 18.6.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmiðið var að rannsaka meint nautafjós í Nauthúsabotnum í landi Teigarhorns (hjáleigu Háls) í því augnamiði að varpa ljósi á nautahald til forna – staðsetningu slíkra fjósa, stærð þeirra og gerð. Óljósar minjar eru fast vestan við fjóstóftina og átti að kanna eðli þeirra og aldur með borkjarnarannsókn. Aðeins reyndist tími til þess að rannsaka hluta af norðurhluta fjóstóftarinnar sem reyndist komin úr notkun fyrir 1362 því gjóska úr Örafajökli frá því ári liggur yfir minjunum. Staðfest var að tóftin hefur líklega upphaflega gegnt hlutverki fjóss en eftir að hætt var að nota húsið sem fjós var því breytt og í því sáust ummerki um tvö eldstæði. Ekki var hægt að greina hvort að fjósið hafi eingöngu verið notað fyrir naut eða naut og kýr. Óljósar minjar vestan við fjósið eru líklega leifar af bæ eða íveruhúsi og leiddi borkjarnarannsókn í ljós að þær minjar eru frá sama tíma og fjósið og hafa verið farnar úr notkun fyrir 1362. Þarna virðist því hafa verið lítið býli eða sel frá miðöldum en engar heimildir hafa varðveist um það.

English Summary

The aim of the excavation of an alleged byre in Nauthúsabotnar in Teigarhorn (a tenant farm from Háls) was to shed light on cattle farming in Iceland in the past - where byres were located, how they were made and what their size was. In addition, attempts were made to clarify the connection between the byre and other, more obscure, buildings on the

site.

The northern most part of the byre was partly excavated, revealing that the ruin was in fact a byre, already out of use before the eruption in the Öräfajökull glacier in year 1362. After the byre went out of use, some changes were made to the house and remains of two hearths were found belonging to that later phase. Those changes were made before the 1362 eruption. Some coring was done in the more obscure ruins west of the byre. Those seem to be contemporary with the byre and are likely the remains of a medieval dwelling or a shieling.



Mynd 31. Horft til austurs yfir N-S snið í torfgarði [3040:011]. Ljósmynd: Indriði Skarphéðinsson.

7.2 Framkvæmdareftirlit og skoðun minja á lagnaleið HEF frá Eyvindará að Eiðum, Múlaþingi

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202307-0062	Númer ÞJMS: 2023-54
Staðsetning: A 715447 N 538659	Póstnúmer: 701 Egilsstaðir
Vettvangsrannsókn hófst: 23.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 27.10.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdaeftirlit	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að kanna og rannsaka fjórar skráðar fornleifar samkvæmt umsögn minjavarðar.

Í fyrsta lagi að kanna aldur og eðli túngarðsins [3040:011] við Stórahaga á Eiðum með greftri könnunarskurðar. Í öðru lagi að kanna varðveislu fornleifa í námunda við friðlýsta bæjarhólinn [1780-774] að Eyvindará.

Í þriðja lagi að kanna varðveislu friðuðu fjárhústóftarinnar [1780-775] að Eyvindará. Og í fjórða lagi að hafa framkvæmdaeftirlit hjá kirkjugarðinum [3040:012] að Eiðum.

Farið var á vettvang dagana 23. júlí, 6. og 29. september og 27. október 2023.

Eiðar:

Á teikningu 1 var túlkaður aldur garðlags [3040:011]. Niðurstöður rannsókna á sniði í garðlag [3040:011] varpa ljósi á það að notkun Stórahaga sem beitahaga nær langt aftur á 10.-11. öld. Með þverun tangans hefur fengist stórt afmarkað beutiland með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Fleiri stærðarinnar garðlög eru á svæðinu í kringum Eiða sem spanna samanlagt mörg hundruð metra og ekki er ólíklegt að þeir séu í grunninn jafn fornir og túngarðurinn sem grafið var í.

Eyvindará:

Fjárhústóft [1780-775] stendur á hólí og er talið að eldri minjar leynist undir. Fjárhúsminjunum var ekki raskað við framkvæmdirnar.

Á teikningu 2 má sjá túlkun á aldri kolalags sem fannst rétt innan 100 m friðlýsingarsvæðis bæjarhóls [1780-774] við Eyvindará. Teiknað var 75 cm snið til suðurs (frá A-V) í um 50 m fjarlægð við íbúðarhúsið að Eyvindará 1. Á um 35 cm dýpi frá yfirborði var hægt að greina um 20 cm langt og um 0,5 cm þykkt kolalag. Kolalagið var yfir Ö-1362 gjóskunni in situ og undir kolalaginu var hægt að greina H-1158 gjósku. Telja má líklegt að kolalagið sé frá því fyrir 1477 og eftir 1362. Út frá gjóskulögum in situ á svæðinu virðist það vera frá tímabilinu 1370-1470 e. Kr.

Kirkjugarður [3040:12] að Eiðum:

Línulögnin var lögð á um 40 cm dýpi á þegar hreyfðu svæði norðan við kirkjugarð 3040:12 að Eiðum. Enga mannvist var að sjá á lagnasvæðinu.

English Summary

The aim of the study was carry out a watching brief and to investigate four registered archaeological remains according to the opinion of The Cultural Heritage Agency of Iceland.

Firstly, to investigate the age and nature of the structure [3040:011] at Stórhagi at Eiðar by digging an exploratory trench. Secondly, to take care of the preservation of archaeological remains in the vicinity of the sanctioned archaeological remains [1780-774] at Eyvindará. Thirdly, to take care of the preservation of the archaeological remains [1780-775] at Eyvindará. And fourthly, to carry out a watching brief at the cemetery [3040:012] at Eiðar.

The site was visited on 23rd of July, 6th and 29nd of September and 27rd of October 2023.

Conclusions:

On drawing 1, the age of the archaeological structure [3040:011] was interpreted. The results shed light on the fact that the use of Stórahagi as a pasture goes back a long way to the 10th-11th centuries. By closing up the area at Stórhagi a large pasture had been obtained with relatively little effort. There are several garden layers of the same size in the area around Eiðar, which span many hundreds of meters in total, and it is not unlikely that they are basically as ancient as [3040:011] that was excavated.

Eyvindará:

The archaeological remains [1780-775] stand on a hill and it is believed that older structure is hidden underneath. The buildings were not disturbed during the construction. In drawing 2 is the Interpretation of the age of a coal layer within the 100 m conservation area of the sanctioned archaeological remains [1780-774] at Eyvindará. A 75 cm profile was drawn in a profile to the south (from A-V) at a distance of about 50 m from the residential building at Eyvindará 1. At a depth of about 35 cm from the surface it was possible to detect a coal layer about 20 cm long and about 0.5 cm thick. The coal layer was above the Ö-1362 tephra in situ, and below the coal layer, the tephra of H-1158 could be detected. It can be considered probable that the coal layer is from before 1477 and after 1362. Based on the tephra layers in situ in the area, it seems to be from the period 1370-1470 AD.

Cemetery [3040:12] at Eiðar: The pipeline was laid at a depth of about 40 cm in an already disturbed area north of cemetery 3040:12 at Eiðar. No human occupation could be seen in the pipeline area.



Mynd 32. Yfirlitsmynd af uppgraftasvæðunum. Ljósmynd: Indriði Skarphéðinsson.

7.3 Fjörður, Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir

Leyfishafi: Ragnheiður Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf.
Rannsóknarnúmer: 202007-0005	Númer ÞJMS: 2023-22
Staðsetning: A 732672 N 538338	Póstnúmer: 710 Seyðisfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 30.5.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 11.10.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Sumarið 2023 var grafið á tveimur svæðum í Firði, E og G, og teknir könnunarskurðir á svæði I. Á svæði E var haldið áfram að grafa upp skálann [1000] og vefjarstofuna [99]. Ný viðbygging [130] kom í ljós norðvestan við skálann, undir skriðunni frá 1100. Skálinn er 28-30 m á lengd og mest 8-9 m á breidd, en í ljós komu fleiri byggingastig. Í gólfögum fannst langeldur [80] fyrir miðju skálans ásamt setbekkjum. Í vefjarstofunni vestan við skálann sem er vel varðveitt undir 1100-skriðu, fundust ofn, setbekkir og torfveggir ásamt þykkum gólfögum. Viðbyggingin er ekki jafn vel varðveitt en skriðan hefur eyðilagt hluta af henni. Sennilega er þetta búr eða skemma, engir gripir fundust. Norðan við skálann var stór öskuhaugur [104], Undir honum kom í ljós skriðan frá 1100 og annar öskuhaugur [94]. Talið var að stóri öskuhaugurinn [104] væri einnig frá 940-1100, en ljóst er að svo er ekki, hann er frá 1100-1158, og öskuhaugur [94] frá 940-1100. Öskuhaugarnir tveir voru full grafnir og vitna um umfangmikla búsetu frá 940 til 1158. Í báðum öskuhaugum fundust mikið af gripum, beinum, gjalli og kolum. Í öskuhaug [94] eru skráð 1344 fundanúmer og í öskuhaug [104] 820 gripir. Fjöldinn allur af gripum fannst á svæði E, svo sem kljásteynar, snældusnúðar, brýni, perlur, hnífar, silfurhringur, taflmenn, vaðsteinar og lykklar, deiglu og brot úr klébergi.

Á svæði G voru grafinn upp útihús. Svæðið er uppi í hlíðinni, suðvestan við skálann á svæði E. Um er að ræða minnsta kosti fimm útihús [129], [132], [131], [133] og [134], sem öll hafa verið endurbyggð ofan í hvort annað á sama stað frá miðri 10. öld til loka 19. aldar. Skriðan frá 1100 féll á elsta mannvirkið [133]. Mannvirkin hafa V-A stefnu, nema [131] sem hefur N-S stefnu, og hefur verið grafið inn í skriðuna frá 1100. Mannvirkin eru útihús, en tvö þeirra eru fjós. Elsta [133] frá 940-1100 og yngsta [132] frá fyrri hluta 12. aldar til 1477. Erfitt hefur verið að

skilgreina mannvirkin frá hvort öðru út af stöðugum viðgerðum. Mikið af nútíma gripum fundust í tóftinni og hefur hún verið notuð sem ruslahaugur eftir að hætt var að nota útihúsin. Með merkilegum gripum má nefna snældusnúð úr klébergi, klyfjar og bronsnagla. Þetta er í fyrsta skipti sem útihús hefur verið grafið upp á Íslandi sem hefur staðið á sama stað í svona langan tíma.

English Summary

In the summer of 2023, two areas in Fjörður, E and G, were excavated and test trenches were dug in area I. In area E, the excavation continued of the longhouse [1000], the weaving room [99], and a new extension [130] was discovered northwest of the longhouse, under the landslide from 1100. Several more building stages of the longhouse were revealed, and it is 28-30 m long and 8-9 m wide at most. Floor layers, benches and a long fire [80] in the center of the longhouse were revealed. Excavation continued in the weaving room to the west of the longhouse, which is well preserved under the 1100 landslide, with ovens, benches, turf walls and thick floor layers. The extension [130] is not as well preserved as the landslide destroyed parts of it. This was probably a storage room, and no artifacts were found. To the north of the longhouse was a large midden [104]. A landslide from 1100 and another midden, [94], were revealed underneath it. It was believed that the large midden [104] was from 940-1100, however that is not the case and it has been dated from 1100-1158, while [94] is from 940-1100. The two middens were both fully excavated and bear witness to extensive habitation from 940 to 1158. In both middens, many artifacts, bones, slag and coal were found. In midden [94] 1344 artefacts are recorded and 820 in midden [104]. Artefacts from area E include knives, beads, keys, gaming pieces, whetstones, sinkers, loom weights, silver, crucibles, spindle whorls and soap stone fragments.

In area G outhouses were excavated. The area is up on the hillside, southwest of the longhouse in area E. There are five outhouses; [129], [134], [132], [131] and [133], all of which have been rebuilt on top of each other in the same place from the middle of the 10th century to the end of the 19th century. The landslide from 1100 fell on the oldest structure [133]. The structures have a V-A orientation, except for [131] which has a N-S orientation and has been dug into the landslide from 1100. Two of the outhouses are byres; the oldest [133] from 940-1100 and [132] from the early 12th century to 1477. It has been difficult to distinguish the structures from each other due to constant repairs. Artefacts include a spindle whorl made of clinker, clinker and a bronze nail. Area G was used as a midden after it was no longer in use, and a lot of modern artefacts were found in the upper layers. This is the first time in Iceland that excavation shows that outhouses have been in the same location for several hundred years.



Mynd 33. Mynd 0764. Vestursnið í stekk [92]. 1875 gjóska hefur fallið upp að torfvegg með 1477 gjósku. Ljósmynd: Rannveig Þórhallsdóttir.

7.4 Fjörður Seyðisfjörður viðbót v/snjóflóðavarna

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf.
Rannsóknarnúmer: 202305-0061	Númer ÞJMS: 2023-28
Staðsetning: A 732480 N 538276	Póstnúmer: 710 Seyðisfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 10.5.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 13.5.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsókna var að kanna aldur tófta þar sem setja á landfyllingu og keilur undir fjallinu Bjólfi í landi Fjarðar, Seyðisfirði, þar sem framkvæmdir vegna byggingu ofanflóðavarna standa yfir. Tekin voru snið í sex meintar og áður skráðar tóftir, þ.e. annars vegar hjá landfyllingu [92], [121], [91] og [89] og hins vegar hjá keilum [62] og [118].

Það kom minna út úr rannsókninni en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Niðurstöður rannsókna eru eftirfarandi:

[92] er ruslahaugur frá 20. öld.

[121] er matjurtagarður reistur á 1875, hefur líklega verið sléttaður með vélgröfu og er frá 20. öld.

[91] er að öllum líkindum stekkur, eldri en 1875. 1477 gjóska í torfi. V-snið teiknað. Sniðteikning telst nægileg mótvægisáðgerð.

[89] er ekki manngerð heldur náttúruleg.

[62] er matjurtagarður frá 20. öld.

[118] er matjurtagarður frá 20. öld.

1477 var greinilegt in situ í sniði nokkurra tófta. Einnig var landnámssyrpan og H-3 greinileg í flestum könnunarskurðunum in situ.

English Summary

The goal of the research was to evaluate from what time six previously registered archaeological remains were, in the area where avalanche protection walls (landfill and cones) are being built in the land of Fjörður, Seyðisfjörður, under the mountain Bjólfi.

Test pits were taken in six archaeological remains, that is by the landfill in archaeological remains [92], [121], [91] and [89] and by the cone area [62] and [118].

The work on site showed younger age of the remains than expected.

The conclusion is the following:

[92] is a trashpile from the 20th century.

[121] is a cultivated area on the 1875 tephra, it has likely been cleared with a machine in the 20th century.

[91] is most likely a weaning fold, older than 1875. 1477 tephra in turf. W-profile drawn that is believed to be a sufficient countermeasure.

[89] is not a structure but a natural formation.

[62] is a cultivated area from the 20th century.

[118] is a cultivated area from the 20th century.

1477 tephra was visible in situ in some of the test pits, as well as the settlement sequence tephra and the H-3 tephra.



Mynd 34. Austur-snið könnunarskurðsins, horft til norðausturs. Ljósmynd: Indriði Skarphéðinsson.

7.5 Arnórsstaðir Jökuldal vegagerð

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202310-0101	Númer ÞJMS: 2023-78
Staðsetning: A 677451 N 533481	Póstnúmer: 701 Egilsstaður
Vettvangsrannsókn hófst: 14.11.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 14.11.2023
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið vettvangsrannsókna var að greina aldur hesthúss sem talið var reist um miðbik 20. aldar og hvort eldri minjar leyndust þar undir sverði.

Könnunarskurður var tekin í norður vegg tóftarinnar og kom það í ljós að gjóska úr öskju-1875 var í torfi tóftarinnar. Einnig kom í ljós að beint undir gólflögum yngri tóftarinnar var um 60 cm hár torfveggur sem lág að hluta til undir H-1104 in situ. Ljóst er að torfveggurinn tilheyrir mannvirki frá 10.-11. öld.

English Summary

The aim of the field investigation was to determine the age of a horse barn believed to have been built in the mid-20th century and to see if older remains were hidden beneath it. A test trench was dug in the north wall of the ruins, revealing that tephra from the ash layer of 1875 was present in the turf of the ruins. It was also discovered that directly beneath the floorboards of the younger ruins was a turf wall about 60 cm high, partially lying under H-1104 in situ. It is clear that the turf wall belongs to a structure from the 10th to 11th century.



Mynd 35. Steinn með krotaðri skipsmynd. Fannst undir suðurvegg eldri skálans. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

7.6 Stöð í Stöðvarfirði

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2016070024	Númer ÞJMS: 2023-9
Staðsetning: A 738458 N 492135	Póstnúmer: 755 Stöðvarfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 1.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 30.6.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsókna var að freista þess að ljúka við rannsókn á eldri skálanum. Einnig var haldið áfram að rannsaka Reiti D og E. Ekki tókst að ljúka við eldri skálann.

Í maí komu í Stöð hópur enskra jarðsjármælingamanna til að mæla stórt svæði austur af skálanum. Niðurstöður mælinganna gáfu til kynna að mannvirki væru að finna nokkuð víða á svæðinu, þar á meðal bátslaga mannvirki sem gátu verið vísbendingar um bátskuml. Grafið var á mörgum þessara staða sem litu út fyrir að vera bátskuml, en í ljós kom að allir voru náttúrumyndanir (skriður). Áfram var leitað að hugsanlegu nausti niður í dalbotninum, en ekkert sást sem benti til þess að þar væri naust að finna.

English Summary

The aim of the excavation was to finish the investigation of the older hall and excavation more holes (cooking pits?) on the activity zone, E. The older hall was not finished. Search of a boathouse failed yet again (drone and surveying) so more complicated measure is needed (LiDAR, Georadar).



Mynd 36. Böðvarshaugur í Böðvarsdal. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir.

7.7 Böðvarsdalur í Vopnafirði	
Leifshafi: Vala Garðarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: VG fornleifarannsóknir
Rannsóknarnúmer: 202305-0094	Númer ÞJMS: 2023-
Staðsetning: A 703012 N 587266	Póstnúmer: 691 Vopnafjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 25.6.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 25.6.2023
Tegund rannsóknar: Könnun	Aðferð: borun



Markmiðið var að vera til viðtals í sjónvarpsþættinum *Fyrir alla muni* og fara yfir hvað borkjarnarannsóknir geta sagt okkur við undirbúning rannsókna um mögulega mannvist á tilteknu svæði. Teknikir voru fimm borkjarnar til að sýna aðferðafræðina.

English Summary

The goal was to demonstrate by taking core samples, what can be identified in the soil about possible human habitation in a given area. The national Television of Iceland (RUV1) showed episodes about Iceland's history, and this was a small part of that.



Mynd 37. Horft til norðurs yfir skála Ferðafélags Íslands í Breiðuvík í ágúst 2023. Uppgraftarsvæðið fyrir miðri mynd. Ljósmynd: Indriði Skarphéðinsson.

7.8 Breiðavík á Víknaslóðum

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Sagnabrunnur ehf.
Rannsóknarnúmer: 202307-0015	Númer ÞJMS: 2023-53
Staðsetning: A 746714 N 562127	Póstnúmer: 721 Borgarfjörður eystri
Vettvangsrannsókn hófst: 26.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 27.8.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið uppgrftarins var að kanna hvort að í hólnum reyndist forn greftrunarstaður, hvort að um steinsetningu væri að ræða í kringum hólnum og hvort hólnum reyndist mannanna verk eða náttúrulegt fyrirbæri. Uppgröftur á meintum minjum í hólnum á Sveinsholti leiddi það í ljós að í hólnum var ekki að finna fornt kuml og varð meinta steinaröðin sem virtist umlykja hólnum ekki skýrari við uppgröftinn. Hólnum reyndist myndaður á náttúrulegan hátt. Steinarnir lágu í malarjarðvegi, líkt og fannst neðar hólnum. Það bendir til þess að jarðvegur hafi eyðst í kringum hólnum sem mynda steinaröðina og í fyrstu var talið vera mannanna verk. Við uppgröft kom í ljós að svæðið þarna er nokkuð grýtt og er holtið sennilega mikið uppbyggt af framburði ána sem renna sitthvoru megin við holtið.

English Summary

The goal of the excavation was to investigate whether the mound contained an ancient burial site, whether there was a stone structure surrounding the mound, and whether the mound was a human-made construction or a natural phenomenon.

Excavation of the alleged remains in the mound at Sveinsholt revealed that no ancient grave was found within the mound, and the supposed stone alignment that seemed to surround it was not clarified by the excavation. The mound turned out to be naturally formed. The stones were found in a gravelly soil, similar to what was found lower down the mound. This suggests that soil has eroded around the mound, which initially was thought to be a human construction. The excavation showed that the area is quite stony, and the mound is likely significantly built up by sediment from the rivers flowing on either side of it.

8. Suðurland



Mynd 38. Horft til norðvesturs yfir uppgraftarsvæðið 2023. Neðst í vinstra horni má sjá fornt, torfhlaðið hús framan við hruninn helli. Ofan við það er yngra hús í hellisrústinni. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

8.1 Oddi á Rangárvöllum, Oddarannsóknin

Leifishafi: Kristborg Þórsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050160	Númer ÞJMS: 2023-51
Staðsetning: A 431411 N 364109	Póstnúmer: 851 Hella
Vettvangsrannsókn hófst: 8.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 25.8.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið sumarsins var að grafa niður á torfhlaðið hús við munna á stærsta hellinum í hellakerfinu í Odda og hefja rannsókn á því. Hús þetta kom í ljós sumarið 2022 þegar grafinn var könnunarskurður í gegnum allstóra þúst framan við munna hellisins, sem er hruninn. Þegar svæðið var opnað (um 20 x 15 m) kom í ljós yngra hús við norðurmörk svæðisins og óljós mannvirki framan við það sem eru ofan á þeim minjum sem upphaflega stóð til að rannsaka. Breyta þurfti því rannsóknaráætluninni og stækka rannsóknarsvæðið til muna (20 x 10 m) til þess að hefja rannsókn á þessu yngra húsi sem er byggt í rúst hrunda hellisins. Aðeins er búið að grafa húsið fram og byrjað að fjarlægja efstu hrunlögin en hér er að líkindum um að ræða fjósrúst frá miðöldum (virðist byggt á tímabilinu 1158-1250 og komið úr notkun fyrir 1500). Framan við þetta hús er niðurgrafin þró. Í hana virðist mykju hafa verið safnað og er hún að einhverju leyti grafin ofan í eldra húsið. Neðst í þessari þró kom í ljós hrossgröf sem hafði verið búið vandlega um. Við gröfina var pinnahola og allur umbúnaður bendir til þess að þarna hafi farið fram einhvers konar fórnarathöfn.

English Summary

Excavation of a system of artificial caves in Oddi was continued in the summer of 2023. This year the focus area was a turf house in front of the biggest cave in the area, underneath a mound at the mouth of the collapsed cave. At the northern most part of the research area (ca. 20x15 m in size), the south gable of another turf house was discovered. This house was built inside the ruin of the cave sometime between 1158 and 1250 and was out of use before 1500. This new discovery forced the team to make changes to the initial excavation plan. The excavation area was extended north (20x10 m), exposing the building, thought to have been used as a byre. In front of this house is a large pit that seems to have been constructed to collect manure from the byre. At the bottom of this pit, a horse grave was discovered. The grave appears to be part of some sort of offering ritual.



Mynd 39. Nemendur og kennari við vinnu á uppgraftarsvæðinu. Horft til suðausturs. Ljósmynd: Angelos Parigoris.

8.2 Skálholt

Leifshafi: Angelos Parigoris	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 201508-0040	Númer ÞJMS: 2023-61
Staðsetning: A425685 N403354	Póstnúmer: 806 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 21.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 25.8.2023



Uppgröftur fór fram dagana 21. - 25. ágúst 2023. Alls tóku 9 nemendur þátt undir umsjón tveggja fornleifafræðinga. Haldið var áfram að grafa á svæði [5000] sem staðsett er SA af Skálholtskirkju (sjá nánar í Framvinduskýrslum fyrri ára). Helstu minjar sem eru sjáanlegar á svæðinu eru eftirfarandi:

a) Steinahleðslur eða mögulegar traðir eru í NV horni uppgraftarsvæðis.

Traðirnar liggja í austur-vestur. Þær eru byggðar inn í ruslalög (móaska, aska, kol, bein og gripir) að norðanverðu en eru mikið raskaðar eftir nútíma framkvæmdir að sunnanverðu og þar er aðeins neðsta steinaröðin eftir.

b) Hellulögð stétt er staðsett austan við traðirnar og nær yfir um 6 fermetra flöt.

c) Bygging í SA hluta uppgraftarsvæðis sem er sennilegast leifar af 18. aldar prenthúsi sem var flutt frá biskupssetrinu á Hólum í Hjaltadal. Byggingin hefur aðeins verið grafin fram að hluta en í jarðlögum fyrir utan bygginguna hafa nú fundist þrjár prentstafir.

d) Bygging í NV hluta uppgraftarsvæðis. Byggingin er töluvert mikið röskuð eftir traðirnar sem eru síðari tíma mannvirki. Veggurinn sem tilheyrir byggingunni heldur áfram í sniði í norðaustur- og norðvesturátt.

Alls voru skráð 5 mannvistarlög. Þrjú þeirra voru skráð, mæld og grafin að fullu, hin að hluta. Þrjú þeirra voru torfhrun; eitt var móaska og steinhellue (stétt).

Gripir sem komu í ljós við rannsóknina voru eftirfarandi: leirkersbrot með upphleyptu skrauti, postulín, bæði fin og gróf jarðleirsbrot, dýrabein, gler, kritarpípubrot, járngríp (aðallega naglar og hnoðnaglar), einn leðurbútar og 3 textíl.

English Summary

The excavation at Skálholt took place during 21 - 25 August 2023. Nine students from the University of Iceland participated under the supervision of two teachers. The main excavation area, [5000], is situated SE of the Skálholt Cathedral (see Preliminary reports from previous years). The main archaeological features of the site are:

- a) Stonewall boundaries marking an E-W oriented pathway located at the NW part of the site. The northern wall is built up against midden layers containing peat ash, ash, charcoal, burnt bones, bones and artefacts. The south wall is truncated by modern intrusions and consists of one row of stones.
- b) Paving situated east of the pathway and covers an area of around 6 square meters.
- c) A turf building at the SE corner of site. The structure may possibly be the remains of the 18th century print house that was transferred from Hólar bishopric. The building is partly uncovered. Three lead types (printed letters, used for letterpress printing) have been found outside the structure.
- d) A turf structure located at the NW corner of site. The building is heavily truncated by the aforementioned pathway at W. The wall of the structure runs beneath NW and NE baulk of the excavation area.

Five deposits were identified. Three of the deposits were turf collapse material; one was a peat ash deposit, and a stone dump.

Artifacts recovered included, a decorated pottery fragment, porcelain, fine and coarse earthenware fragments, animal bone fragments, glass, clay pipe fragments, iron objects (mainly nails and rivets), one piece of leather and two pieces of textile.



Mynd 40. Horft niður á rannsóknarsvæðið. Á myndinni sjást öll svæðin sem rannsökuð hafa verið frá árinu 2017. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

8.3 Vesturbúðarhóll

Leyfishafi: Ragnheiður Gló Gylfadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 201706-0054	Númer ÞJMS: 2023-37
Staðsetning: A 393867 N 375262	Póstnúmer: 820 Eyrarbakki
Vettvangsrannsókn hófst: 28.8.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 8.9.2023
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið verkefnisins eru rannsóknir og uppgröftur á verslunarhúsum frá tímabilinu 1600-1900 (einokunartímanum). Uppgröfturinn er forsenda endurbyggingu húsanna á þessum stað. Jarðsjármælingar sem gerðar voru árið 2017 og uppgröftur árunna 2019-2022 sýna að grunnur Vesturbúðarinnar sem rifin var árið 1950 er nokkuð vel varðveittur undir sverði. Sérstaklega virðast leifarnar af syðsta verslunarhúsinu vera heillegar sem og því vestasta en varðveislan er verst af nyrsta og austasta húsinu.

Fyrri ár hefur verið unnið í vestasta húsinu og komið að því að fjarlægja yngsta byggingarskeiðið þar. Ákveðið var að opna nýtt svæði til suðausturs frá fyrra rannsóknarsvæði, þ.e. halda ekki áfram þar sem grafið hefur verið síðustu ár. Nýja svæðið er vesturendi húss sem kallast m.a. Gamla og Nýja Krambúðin en undir lokin var þarna pakkhús. Uppgraftarsvæðið var alls um 90 fm². Samanlagt er því búið að opna um 330 fm á Vesturbúðarhól. Ástæður þess að ekki var haldið áfram innan hússins Fönix eru nokkrar. Ekki er búið að taka afstöðu til þess hvort grjótið úr undirstöðunum verði nýtt við uppbyggingu húsanna. Ekki er heldur búið að hanna húsin né skipuleggja hvernig staðið verður að uppbyggingunni. Fyrstu niðurstöður uppgraftarins benda til þess að undirstöðurnar séu vel varðveittar en suðvesturhorn hússins er skemmt. Hlaðnir útveggir og þverbitar innan hússins eru komin í ljós og breytingar sem tengjast rafvæðingu, vatnsveitu

og rennur tengdar klóaki. Flest mannvistarlögin sem grafin oru upp tengjast niðurrifi hússins, þ.e grjótpúkk og ruslag undir gólfi, járnarusl, rúðugler og gripir frá miðri 20. öld. Fáist áframhaldandi fjármagn til rannsókarinnar er stefnt að rannsóknum á öllu því svæði sem hefur verið afhjúpað.

Allt minjasvæðið var mælt upp með alstöð og teknar af því drónamyndir og verður unnið úr þeim gögnum í vetur og nákvæm kort gerð af minjastaðnum. Úrvinnsla stendur yfir.

English Summary

This research aims to fully excavate the trade buildings that date from c 1600-1900. A geophysical survey and a test pit were done on the site in July 2017 and excavations from 2019-2022, in the western house. All of them revealed the remains of the buildings, which were torn down in 1950, remain fairly well preserved. In particular, the southern and westernmost buildings. Up until now, the western house has been excavated but due to various reasons, a new area was opened. The new site is about 90 fm so in total about 330 fm have been opened in Vesturbúðarhóll.

Most of the deposits are associated with the building's demolition on one hand and its construction on the other.

The entire site was measured with a total station, drone photographs were taken and detailed maps will be produced during the winter.



Mynd 41. Drónamynd af kirkjunni og garðinum utan um hana. (Mynd 2023-64. N vísar upp).
Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.4 Arfabót

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 201705-0063	Númer ÞJMS: 2023-29
Staðsetning: A 527383 N 330467	Póstnúmer: 881 Kirkjubæjarklaustur
Vettvangsrannsókn hófst: 3.7.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 21.7.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni




Markmið rannsókna sumarið 2023 var að freista þess að klára nýtt rými austast í bæjarþyrpingunni (rými H) og klára að grafa í kring um kirkjuna, þeas kirkjugarðinn.

Eins og venjulega fer mestur tími og orka í að moka burtu sandi ofan af rústunum.

English Summary

The aim of the excavation 2023 was to finish the new house (House H) at the east of the farmbuildings and to excavate the churchyard around the church ruin.

As usual, most of the time and effort goes to remove the sand of the ruins.



Mynd 42. Yfirlitsmynd af heimatúni og bæjarhól Vestri-Loftstaða. Ljósmynd: Gylfi Helgason.

8.5 Borkjarnar á Vestri Loftsstöðum

Leyfishafi: Gylfi Björn Helgason	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 202309-0129	Númer ÞJMS: 2023-73
Staðsetning: A 406338 N 368419	Póstnúmer: 803 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 2.10.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 20.10.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að afla frekari vitneskju um eðli, útbreiðslu og umfang mannvistarleifa á Loftstaðahól (ÁR-092:001_01) og eftir fremsta megni um aldur og þróun byggðarinnar - eins og borkjarnarannsókn leyfir. Borkjarnar voru teknir með skipulögðum hætti (5 m millibili að jafnan, en 1 m millibil ef mannvist fannst), bæði á bæjarhólnum og í tóftir/þústir innan gamla heimatúns jarðarinnar. Bæjarstæði jarðarinnar var fært vegna ágangs sjávar á 17. öld skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um 1703. Verbúðir voru síðar reistar á hólnum og voru í notkun eitthvað fram yfir 1890, samkvæmt örnefnaskrá.

Alls voru teknir 83 borkjarnar í 16 línunum á og við bæjarhólinn. Borinn var 1.2-1.6 m langur. Um 0,6-1 m þykkt sandlag - áfok - var yfir öllum hólnum, jafnvel dýpra á suður- og austurhlíð hólsins. Lítil ummerki um mannvist kom upp úr borkjörnum, þó fundust ummerki um öskuhaug (móaska) við vesturhluta hólsins, á um 60 sm dýpi. Svört, finkornótt eldfjallagjóska er yfir öskuhaugnum en ekki er vitað um aldur hennar. Um 5 sm þykkt mannvistarlag fannst í tóft (ÁR-091:001_02) á bæjarhólnum á um 40 sm dýpi. Dýpt mannvistar og yfirborðsummerki benda til þess að tóftin var ein af verbúðunum sem reistar voru við hólinn fremur en að hún hafi tilheyrt seinasta stigi Loftstaðabæjar. Jarðvegur innan túnsins er þunnur og sendinn. Borkjarnar voru teknir í og við


tvær verbúðir (ÁR-092:001_002-003) austurlega í heimatúninu og þar fundust mjög lítil ummerki um mannvist. Sömuleiðis voru borkjarnar teknir í tvær þústir (ÁR-092:050-051) í norðausturhluta heimatúnsins en í þeim fannst ekki mannvist og mögulega er þetta grónar sandöldur.

Rof var neðarlega suðvesturhluta bæjarhólsins og var það hreinsað til þess að freista þess að finna ummerki mannvistar en engar greinilegar mannvistaleifar fundust í sniðinu. Gengið var snyrtilega frá sárinu og því lokað aftur til þess að koma í veg fyrir frekara rof.

English Summary

The aim of the research is to further understand the extent and nature of the archaeology of the abandoned farm mound in Loftstaðir, named Loftstaðahóll. Due to erosion the farm was relocated in the 17th century according to a national farm survey carried out in c. 1703 (Jarðabókin). Later, seasonal fishing stations were erected on and by Loftstaðahóll, but the last one was abandoned shortly after 1890.

Total of 83 cores were systematically recorded within 16 baselines on and by the farm mound. Thick sand had accumulated on the mound, 0.6-1 m thick and even thicker at south and east side. The auger was 1.2-1.6 cm long. Little activity was detected in the cores except for a midden deposit at the western side, sealed by tephra, yet to be identified, and anthropogenic deposits in a probable fishing booth SW of the farm mound. Human activity was detected in the two fishing stations (ÁR-092:001_002-003) situated at the eastern side of the homefield (ÁR-092:001_002-003). A small section was cleaned where surface had eroded but no archaeology detected.



Mynd 43. Horft til NNV yfir uppgraftarsvæðið. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

8.6 Nytjar og vinnsla á Bergsstöðum í Þjórsárdal

Leyfishafi: Ragnheiður Gló Gylfadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses
Rannsóknarnúmer: 202003-0130	Númer ÞJMS: 2023-69
Staðsetning: A 4866100 N 407695	Póstnúmer: 804 Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Vettvangsrannsókn hófst: 18.9.2023	Vettvangsrannsókn lauk: 22.9.2023
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið verkefnisins er að afla frekari upplýsinga um járnvinnslu sem og nýtingu auðlinda í Þjórsárdal. Þessi rannsókn getur bætt miklu við upplýsingar um byggðina og nýtingu þessara minni minjastaða í dalnum. Að auki eru minjarnar í stórhættu og munu hverfa á næstu árum sökum uppblásturs og vatnsrofs.

Verkefnið er tvíþætt:

- 1) Við gjóskulagagreiningar árið 2020 fannst torf skammt suðvestan við járnvinnslusvæðið (svæði III, árið 2020) og sumarið 2022 var staðfest að mannvistarlög eru þar enn undir sverði, á alls 150 fm. Þetta er þunnur öskuhaugur og torf, svokallaður sheet midden. Ætlunin var að fullgrafa þetta svæði. Það náðist ekki en öskuhaugurinn var þó grafinn að hálfu. Vísbendingar um mannvirki (torfveggi) komu í ljóst nyrst á svæðinu og þarfnast það frekari rannsókna. Sem fyrr eru mannvistarlögin ekki mjög þykk en umfangið kemur engu að síður verulega á óvart á stað þar sem ekkert sést á yfirborði.
- 2) Frjórnarannsóknir úr óblásnum jarðvegi sem fannst 2022 auk sýna úr öskuhaugi. Til þess að staðfesta vísbendingar um kornrækt þarf að taka fleiri sýni og var það gert með aðkomu frjórnarafræðings. Að þessi jarðlög og varðveisla séu til staðar á virku uppblásturssvæði er einstakt og sambærilegar rannsóknir

hafa ekki farið fram í dalnum áður. Að auki voru tekin örformgerðarsýni en greining þeirra býður seinni tíma og frekara fjármagns.

Veturinn 2023-2024 verður unnið úr öllum uppgraftargögnum. Frjókornasýni voru send í greiningu samhliða annarri úrvinnslu gagna en úrvinnsluhraði þeirra er oft háður verkefnastöðu sérfræðings/rannsóknarstofu. Niðurstöður úr fjókornagreiningu koma líklega ekki fyrr en í mars. Lokaskýrsla rannsóknarinnar kemur út eftir að þær upplýsingar koma.

English Summary

The excavation is located at the archaeological site of Bergsstaðir in Þjórsárdalur valley. This excavation will hopefully give us a better understanding of the work that took place in the valley from the 9th to the 11th century, the usage of natural resources, and outfield stations.

The aim of the research is twofold.

1. Firstly, to excavate a sheet midden, around 150 fm. It became clear that the amount of cultural layers still preserved was more than anyone expected in the northern part and a turf structure was most likely found. This area needs further research.
